



Ársskýrsla
Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar
2016-2017

Ársskýrsla Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar 2016-2017

Ritstjórar: Eyrún Jóna Reynisdóttir og Sigríður Lára Guðmundsdóttir

Forsíðumynd er tekin af Söru Margréti Ólafsdóttur verkefnastjóra skólasamstarfs í fjöruferð elsta árgangs í Skýjaborg og 1. bekk í Heiðarskóla í Grunnafjörð fyrir neðan Súlunes.

Skýrslan er aðgengileg á vef Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar: <http://skoli.hvalfjardarsveit.is>

Efnisyfirlit

1	Inngangur	5
2	Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar	6
2.1	Hagnýtar upplýsingar um skólann	6
2.2	Breytingar og viðhald	6
3	Skóladagatöl 2016-2017	7
3.1	Skóladagatal Skýjaborgar	7
3.2	Skóladagatal Heiðarskóla	8
4	Starfsmenn	9
4.1	Breytingar í starfsmannahópnum	11
4.2	Stjórnun og verkaskipting	11
4.3	Starfslýsing verkefnastjóra skólaárið 2016-2017	11
4.4	Upplýsingaflæði	12
4.5	Skipulagsdagar	12
4.6	Fundir	13
4.7	Símenntun	13
4.7.1	Námskeið og ráðstefnur	14
5	Áherslur vetrarins 2016-2017	15
5.1	Skólanámskrá	15
5.2	Læsisstefna	16
5.3	Umhverfismennt	16
5.3.1	Umhverfismennt í Skýjaborg	16
5.3.2	Umhverfismennt í Heiðarskóla	17
5.4	Skólasamstarf	19
6	Mat á skólastarfi	22
6.1	Innra mat	22
6.1.1	Sjálfsmatsáætlun Heiðarskóla	22
6.1.2	Sjálfsmatsáætlun Skýjaborgar	22
6.1.3	Starfsmannasamtöl	23
6.2	Ytra mat	24
7	Nám og kennsla	25
7.1	Fjöldi barna í Heiðarskóla	25
7.2	Fjöldi barna í Skýjaborg	25
7.3	Teymiskennsla í Heiðarskóla	25
7.4	Sameiginlegar skýrslur 2016-2017	27

7.4.1	Skýrsla sérkennara.....	27
7.5	Skýrslur Heiðarskóla 2016 – 2017	30
7.5.1	Teymisskýrsla yngsta stig vorið 2017	30
7.5.2	Teymisskýrsla – miðstig 2017	32
7.5.3	Teymi unglingadeildar skólaárið 2016 – 2017	34
7.5.4	Teymisskýrsla List- og verkefnateymis vorið 2017	39
7.5.5	Skýrsla náms- og starfsráðgjafa skólaárið 2016-2017	41
7.5.6	Skýrsla frá starfsfólki í tómstund	42
7.5.7	Skýrsla frá bókasafni Heiðarskóla.....	44
7.5.8	Samantekt tölvuumsjónarmanns vorið 2017	45
7.5.9	Samantekt húsvarðar vorið 2017	46
7.6	Skýrslur Skýjaborgar 2016-2017	46
7.6.1	Leikskólastarf í Skýjaborg	46
7.6.2	Skýrsla matráðar.....	48
7.7	Dagar og viðburðir á skólaárinu	49
7.7.1	Skýjaborg	49
7.7.2	Heiðarskóli.....	52
8	Foreldrasamstarf	57
8.1	Skólaráð Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar	57
8.2	Foreldrafélag Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar	57
9	Fagfundir	59
9.1	Sameiginlegur fagfundur – um byrjendalæsi/leikskólalæsi	59
9.2	Fagfundir í Skýjaborg	59
9.2.1	Hvað er leikur?	59
9.2.2	Skólastefna leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar	62
9.2.3	Umhverfsgátlisti fyrir grænfánaskóla	62
9.3	Fagfundir í Heiðarskóla.....	62
9.3.1	Jákvæður agi	62
9.3.2	Einstaklingsmiðað nám.....	63
9.3.3	Teymiskennsla	63
9.3.4	Trúnaður	64
10	Heiðarborg.....	65
11	Viðhengi 1 - Starfsmannasamtöl Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar 2016-2017	67

1 Inngangur

Þessi ársskýrsla inniheldur upplýsingar um starfsemi Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar skólaárið 2016-2017. Markmið skýrslunnar er að gefa sem bestar upplýsingar um skólastarfið, faglegt, rekstrarlegt og félagslegt. Að gerð skýrslunnar koma allir starfsmenn skólans með einum eða öðrum hætti, starfandi skólastjórar, Eyrún Jóna Reynisdóttir og Sigríður Lára Guðmundsdóttir, ritstýra verkinu.

Skýrslan er send til fræðslu- og skólanefndar, til skólaráðs og foreldrafélags, auk þess sem hún er aðgengileg á heimasíðu skólans.

Hvalfjarðarsveit, 2017

Eyrún Jóna Reynisdóttir, skólastjóri Skýjaborgar

Sigríður Lára Guðmundsdóttir, skólastjóri Heiðarskóla

2 Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar

Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar varð til við sameiningu leikskólans Skýjaborgar og grunnskólans Heiðarskóla undir eina stjórn haustið 2011. Skólinn er rekinn á tveimur starfsstöðvum, leikskólinn í Melahverfi og grunnskólinn við Leirá. Skólinn er grænfánaskóli og leggur áherslu á umhverfis- og náttúruvernd og útinám. Unnið er með byrjenda- og leikskólalæsi. Einkunnarorð skólans eru vellíðan, virðing, metnaður og samvinna.

Skýjaborg er tveggja deilda leikskóli með um 40 börn á aldrinum 1-6 ára. Leikskólinn stendur í miðju íbúðahverfi í miðri Hvalfjarðarsveit, en mjög stutt er að sækja í ósnortna náttúru allt í kring, móa, kletta og trjágróður. Í leikskólanum er lögð áhersla á leik með opinn efnivið og lýðræði og þátttöku barna í skólastarfinu. Unnið er eftir hugmyndafræði Johns Dewey um nám í gegnum reynslu, kenningum Caroline Pratt um opinn efnivið og kenningum Howard Gardner um fjölgreindir.

Heiðarskóli er einsetinn grunnskóli fyrir nemendur í 1.-10. bekk. Nemendur Heiðarskóla voru um 93 talsins í vetur. Skólinn leggur áherslu á umhverfismennt og spjaldtölvunotkun og starfar eftir hugmyndafræði uppbyggingarstefnunnar. Með uppbyggingu eflum við sjálfstraust nemenda og kennum þeim sjálfsga.

2.1 Hagnýtar upplýsingar um skólann

Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar

Heimasíða: www.skoli.hvalfjardarsveit.is

Grunnskólasvið:

Heiðarskóli

301 Akranes

s: 433 8525

Starfandi skólustjóri: Sigríður Lára

Guðmundsdóttir

Leikskólasvið:

Skýjaborg

Innrimel 1, 301 Akranes

s: 433 8530

Starfandi skólustjóri: Eyrún Jóna Reynisdóttir

2.2 Breytingar og viðhald

Skýjaborg: Dropinn var málaður og voru tvær helgar í október nýttar í það. Viðhald var í eldhúsi í vetur. Ofninn var lækkaður, byggt á milli ofns og viftu. Viftan var tengd út. Glugga í eldhúsi var skipt út, settur minni gluggi, hærra uppi og sett álplata á vegg fyrir framan vask. Mikil og góð breyting. Þá var sett ál þannig að leirtau eða annað gæti ekki dottið upp fyrir uppþvottavél. Þessar breytingar í kringum uppþvottavél og vask gerði það að verkum að búið var að festa borðin við vegginn sem sjáanlega gerðu viðhald á uppþvottavél erfitt því ekki var hægt að draga hana lengur frá. Í júní 2017 gaf uppþvottavélin upp öndina og keypt var ný vél. Á skólaárinu var bætt við hillu inn í litla herbergi inn á Regnboganum. Þá voru settir upp hankar sem nýttir eru til geymslu á útisalerni Dropamegin. Um sumarið var einnig bætt við hillu inni í herbergi á Dropa og breytingar gerðar á undirbúningsherbergi en sett var borðplata þvert á milli veggja sem nýtist vonandi betur í vinnu. Um sumarið var einnig byrjað á endurgerð yngri barna lóðar, unnin var undirvinna og munu tækin koma á haustmánuðum.

Heiðarskóli: Til stóð að mála álagsfleti og fleti sem var farið að sjá á og laga horn í kennslustofum þar sem gifs var farið að brotna. Í upphafi skólaársins 2017 er þessi vinna ekki hafin en til stendur að sinna þessu um helgar sem fyrst.

Heiðarborg: Skipt um gólfduk, hurðir og veggir málaðir.

3 Skóladagatöl 2016-2017

Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar gefur út tvö skóladagatöl, eitt fyrir Skýjaborg og annað fyrir Heiðarskóla. Skóladagatölin eru samræmd eins og kostur er til að mæta þörfum fjölskyldna og skapa möguleika á auknu samstarfi milli sviða. Skóladagatölin eru samþykkt af Fræðslu- og skólanefnd Hvalfjarðarsveitar að vori. Vegna náms- og kynnisferða erlendis hjá annars vegar starfsfólki Heiðarskóla á haustmánuðum og hins vegar starfsfólki Skýjaborgar að vori, voru færri skipulagsdagar á sama tíma en hefur verið.

3.1 Skóladagatal Skýjaborgar

Samband íslenskra sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2016 - 2017

Nafn leikskóla: Skýjaborg

AGUST	SEPTEMBER	OCTOBER	NOVEMBER	DECEMBER	JANUAR	FEBRUAR	MARS	APRIL	MÁI	JÚNÍ	JÚLÍ
1. M. Skóladagur leikskólanna	1. F.	1. S.	1. S.	1. F. Skóladagurinn	1. S. Skóladagurinn	1. M.	1. M. Skóladagurinn	1. S.	1. M. Skóladagurinn	1. F.	1. S.
2. F. Skóladagurinn myndir og myndir	2. F.	2. S.	2. S.	2. F.	2. S.	2. F.	2. F.	2. S.	2. F.	2. S.	2. S.
3. M.	3. S.	3. M.	3. F.	3. S.	3. S.	3. F.	3. F.	3. M.	3. S.	3. M.	3. M.
4. F.	4. M.	4. F.	4. S.	4. M.	4. S.	4. M.	4. S.	4. F.	4. M.	4. F.	4. S.
5. F.	5. M.	5. S.	5. M.	5. S.	5. M.	5. S.	5. S.	5. M.	5. F.	5. M.	5. M.
6. S.	6. S.	6. F.	6. S.	6. S.	6. F.	6. M.	6. M.	6. S.	6. S.	6. S.	6. F.
7. M.	7. F.	7. M.	7. M.	7. M.	7. S.	7. S.	7. S.	7. M.	7. F.	7. S.	7. S.
8. M.	8. F. Skóladagurinn	8. S.	8. M.	8. F.	8. S.	8. M.	8. M.	8. S.	8. M.	8. F.	8. S.
9. S.	9. S.	9. M.	9. M.	9. F.	9. M.	9. S.	9. F.	9. M.	9. S.	9. M.	9. M.
10. M.	10. S.	10. M.	10. F.	10. S.	10. M.	10. F.	10. F.	10. M.	10. S.	10. S.	10. M.
11. F.	11. M.	11. S.	11. M.	11. S.	11. M.	11. S.	11. S.	11. M.	11. F.	11. M.	11. S.
12. F.	12. M.	12. M.	12. S.	12. M.	12. F.	12. S.	12. M.	12. S.	12. F.	12. M.	12. M.
13. S.	13. F.	13. F.	13. M.	13. S.	13. F.	13. M.	13. M.	13. F.	13. S.	13. S.	13. F.
14. M.	14. M.	14. F. Skóladagurinn	14. M.	14. M.	14. S.	14. S.	14. M.	14. M.	14. F.	14. M.	14. M.
15. M. Skóladagurinn myndir	15. F.	15. S.	15. M.	15. F.	15. S.	15. M.	15. M.	15. S.	15. F.	15. M.	15. S.
16. M. Skóladagurinn myndir	16. F. Skóladagurinn	16. M.	16. M.	16. F.	16. M.	16. S.	16. F.	16. M.	16. S.	16. M.	16. M.
17. M.	17. S.	17. M.	17. F.	17. S.	17. M.	17. F.	17. F.	17. M.	17. S.	17. S.	17. M.
18. F.	18. M.	18. S.	18. M.	18. M.	18. S.	18. M.	18. S.	18. M.	18. F.	18. M.	18. S.
19. F.	19. M.	19. M.	19. S.	19. M.	19. F.	19. S.	19. M.	19. S.	19. F.	19. M.	19. M.
20. S.	20. F.	20. M.	20. M.	20. F.	20. M.	20. F.	20. M.	20. M.	20. S.	20. S.	20. F.
21. S.	21. M.	21. F.	21. M.	21. M.	21. S.	21. M.	21. S.	21. M.	21. F.	21. M.	21. F.
22. M.	22. S.	22. M.	22. S.	22. F.	22. M.	22. M.	22. M.	22. S.	22. M.	22. S.	22. S.
23. S.	23. F.	23. M.	23. M.	23. F.	23. M.	23. F.	23. F.	23. M.	23. S.	23. F.	23. S.
24. S.	24. S.	24. M.	24. F.	24. S.	24. M.	24. F.	24. F.	24. M.	24. S.	24. M.	24. M.
25. F.	25. M.	25. S.	25. M.	25. F.	25. M.	25. S.	25. M.	25. S.	25. F.	25. M.	25. M.
26. F.	26. M. Skóladagurinn myndir	26. M.	26. S.	26. M.	26. F.	26. M.	26. S.	26. M.	26. F.	26. M.	26. M.
27. S.	27. S.	27. F.	27. M.	27. F.	27. M.	27. F.	27. M.	27. S.	27. M.	27. S.	27. F.
28. M.	28. M.	28. F.	28. M.	28. M.	28. S.	28. M.	28. S.	28. M.	28. F.	28. M.	28. F.
29. M.	29. S.	29. M.	29. S.	29. F.	29. M.	29. S.	29. M.	29. M.	29. S.	29. M.	29. S.
30. S.	30. F.	30. M.	30. M.	30. F.	30. M.	30. F.	30. F.	30. M.	30. S.	30. F.	30. S.
31. M.	31. M.	31. M.	31. M.	31. S.	31. M.	31. S.	31. M.	31. S.	31. M.	31. M.	31. M.

3.2 Skóladagatal Heiðarskóla

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Skóladagatal 2016 - 2017

Nafn skóla: Heiðarskóli

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁJ	JÚNÍ
1. M. Dagur nemendanna	1. F. Miðgæðingur í Borgum	1. L.	1. Þ.	1. F. Þrándagurinn	1. S. Skóladagur	1. M.	1. M. Skóladagur	1. L. Aðalmenningurinn	1. M. Aðalmenningurinn	1. F. Skóladagur nemendanna
2. Þ.	2. F.	2. S.	2. M.	2. F.	2. M.	2. F.	2. F.	2. S. Dagur nemendanna	2. Þ.	2. F. Skóladagur nemendanna
3. M.	3. L.	3. M.	3. F.	3. L.	3. Þ. Skóladagur - skólafrí	3. F. Dagur skólafríanna	3. F.	3. M.	3. M.	3. L.
4. F.	4. S.	4. Þ.	4. F.	4. S.	4. M. Skóladagur	4. L.	4. L.	4. Þ.	4. F.	4. S. Heiðarskóli skólafrí
5. F.	5. M.	5. M.	5. L.	5. M.	5. F.	5. S.	5. S.	5. M.	5. F.	5. M. Aðalmenningurinn
6. L.	6. Þ.	6. F.	6. S.	6. Þ.	6. F. Heiðarskóli	6. M. Dagur Miðgæðinga	6. M.	6. F. Aðalmenningurinn	6. L.	6. Þ. Skóladagur nemendanna
7. S.	7. M.	7. F. Heiðarskóli	7. M.	7. M.	7. L.	7. Þ.	7. Þ. Heiðarskóli - Skólafrí	7. S.	7. S.	7. M.
8. M.	8. F. Dagur Heiðarskóla	8. L. Heiðarskóli	8. Þ. Skóladagur - skólafrí	8. F.	8. S.	8. M.	8. M. Heiðarskóli - Skólafrí	8. L.	8. M.	8. F.
9. Þ.	9. F. Heiðarskóli nemendanna	9. S.	9. M.	9. F.	9. M.	9. F.	9. F. Heiðarskóli - Skólafrí	9. S. Heiðarskóli nemendanna	9. Þ.	9. F.
10. M.	10. L.	10. M.	10. F.	10. L.	10. Þ.	10. F.	10. F.	10. M.	10. M.	10. L.
11. F.	11. S.	11. Þ.	11. F.	11. S.	11. M.	11. L.	11. L.	11. Þ.	11. F.	11. S. Skóladagur
12. F. Skóladagur nemendanna	12. M.	12. M. Skólafrí	12. L.	12. M.	12. F.	12. S.	12. S.	12. M.	12. F.	12. M.
13. L.	13. Þ.	13. F. Skóladagur nemendanna	13. S.	13. Þ.	13. M.	13. M.	13. M.	13. F. Skóladagur	13. L.	13. Þ.
14. S.	14. M.	14. F. Skóladagur nemendanna	14. M.	14. S.	14. L.	14. Þ.	14. Þ.	14. F. Skóladagur nemendanna	14. S.	14. M.
15. M. Skólafrí	15. F.	15. L.	15. M.	15. F.	15. S.	15. M.	15. M.	15. L.	15. M.	15. F.
16. Þ.	16. F. Dagur Heiðarskóla nemendanna	16. S.	16. M. Dagur Heiðarskóla nemendanna	16. F.	16. M.	16. F.	16. F.	16. S. Heiðarskóli	16. Þ.	16. F.
17. M.	17. L.	17. M.	17. F.	17. L.	17. Þ.	17. F.	17. F.	17. M. Aðalmenningurinn	17. M.	17. L. Skóladagur nemendanna
18. F.	18. S.	18. Þ.	18. F.	18. S.	18. M.	18. L.	18. L.	18. Þ.	18. F.	18. S.
19. F.	19. M.	19. M.	19. L.	19. M.	19. F.	19. S. Skóladagur	19. S.	19. M.	19. F.	19. M.
20. L.	20. Þ.	20. F.	20. S.	20. Þ. Skólafrí	20. F. Skóladagur	20. M. Skólafrí	20. M.	20. F. Skóladagur nemendanna	20. L.	20. Þ.
21. M.	21. S.	21. M.	21. F.	21. M.	21. L.	21. Þ. Skólafrí	21. Þ.	21. F.	21. S.	21. M.
22. M. Skólafrí	22. F. Heiðarskóli - Skólafrí	22. L.	22. M.	22. F.	22. S.	22. M.	22. M.	22. L.	22. M.	22. F. Skóladagur nemendanna
23. Þ.	23. F. Heiðarskóli - Skólafrí	23. S.	23. M.	23. F. Heiðarskóli	23. M.	23. F.	23. F. Skólafrí - Heiðarskóli	23. S.	23. Þ.	23. F.
24. M.	24. L.	24. M.	24. F.	24. L. Skóladagur	24. Þ.	24. F.	24. F.	24. M.	24. M.	24. L.
25. F.	25. S.	25. Þ.	25. F.	25. S. Skóladagur	25. M.	25. L.	25. L.	25. Þ. Dagur Heiðarskóla	25. F. Skóladagur nemendanna	25. S.
26. F.	26. M. Skólafrí - Skólafrí	26. M. Skólafrí	26. L.	26. M. Aðalmenningurinn	26. F.	26. S.	26. S.	26. M.	26. F.	26. M.
27. L.	27. Þ.	27. F.	27. S.	27. Þ.	27. F.	27. M. Skóladagur	27. M.	27. F. Skólafrí - Skólafrí	27. L.	27. Þ.
28. S.	28. M.	28. F.	28. M.	28. M.	28. L.	28. Þ. Skóladagur	28. Þ.	28. F.	28. S.	28. M.
29. M.	29. F. Heiðarskóli - Skólafrí	29. L.	29. M.	29. F.	29. S.	29. M.	29. M.	29. L.	29. M.	29. F.
30. Þ.	30. F. Heiðarskóli - Skólafrí	30. S.	30. M.	30. F.	30. M.	30. F.	30. F.	30. S. Skólafrí	30. Þ.	30. F.
31. M.		31. M.		31. L. Skóladagur	31. Þ. Skólafrí		31. F. Aðalmenningurinn		31. M. Skóladagur - Skólafrí	

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu skóladagar nemendanna vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní.
Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemendanna eru fimm og skulu ákveðnir af skólastjóra í samráði við kennara og með hlýðsjón af kjarasamningnum.
Starfsdagar kennara utan starfstíma nemendanna eru 8.

4 Starfsmenn

Heildarfjöldi þeirra starfsmanna sem störfuðu við skólann var 43, en þar af 5 starfsmenn sem voru í leyfi eða hættu strax um haustið. Hér má sjá yfirlit starfsfólks og stöðugildi í skólanum.

	Nafn	Starfsheiti:	Ráðninga rhlutfall	Athugasemdir:
	Heiðarskóli:			
1	Arna Kristín Sigurðardóttir	Sérkennari/umsjónarkennari	93	
2	Alexandra Chernyshova	Tónmenntakennari og umsj. forskóla tónlistar	55	Veikindaleyfi frá hausti 2016 og hætti störfum í kjölfarið. Dóra Líndal stundakennari í tónm.
3	Heiðdís Helga Guðnadóttir	Stuðningsfulltrúi	80	Hætti í júní 2017
4	Árdís Hauksdóttir	Almennur starfsmaður - skólaliði	76	
5	Berglind Bergsdóttir	Kennari á miðstigi	100	Kom úr fæðingarorlofi í sept
6	Birgitta Guðnadóttir	Almennur starfsmaður - skólaliði /	76	
7	Bjarni Guðjónsson	Húsvörður og baðvarsla	100	
8	Einar Sigurdór Sigurðsson	Umsjónarkennari á miðstigi trúnaðarmaður kennara	100	
9	Helena Bergström	List- og verkgreinar, íþróttir á yngsta stigi og umsjón með Grænfána	100	
10	Helga Harðardóttir	Umsjónarkennari á miðstigi og íþróttakennari	100	
11	Helga Rúna Þorleifsdóttir	Mötuneytis afleysing		Afleysingar í mötuneyti
12	Hjálmur Dór Hjálmsón	Leyfi allt skólaárið	100	Hætti störfum sumar 2017
13	Hrafnhildur Ýr Árnadóttir	Kennari á unglíngastigi	100	
14	Jóhanna S Vilhjálmisdóttir	Almennur starfsmaður - skólaliði og stuðningsfulltrúi	100	
15	Jón Rúnar Hilmarsson	Skólastjóri	60	Hætti störfum í ágúst 2016
16	Jónella Sigurjónsdóttir	Umsjónarkennari á yngsta stigi og umsjón með bókasafni	100	
17	Katrín Guðmundsdóttir	Matráður	100	
18	Katrín Rós Sigvaldadóttir	Umsjónarkennari á yngsta stigi og námsráðgjöf	100	
19	Kolbrún Sigurðardóttir	Skólaritari	100	Hætti störfum um áramót
20	Ólöf Guðmundsdóttir	Sérkennari	100	Vinnur ca 15 % – 20 % í Skýjaborg
21	Sigríður Björk Kristinsdóttir	List og verkgreinar og val á mið- og unglíngastigi	80	
22	Sigríður Kristjánsdóttir	Matráður	100	
23	Sigríður Lára Guðmundsdóttir	Starfandi skólastjóri og kennsla á yngsta stigi	100	
24	Sigurður Tómasson	Umsjónarkennari á unglíngastigi	100	
25	Sólrún Jørgensdóttir	Almennur starfsmaður - starfsmaður í íþróttamiðstöð og baðvarsla	100	
26	Sunneva Hlín Skúladóttir	Skólaliði	76	
27	Sylvía Rós Helgadóttir	Skólaliði	50	Veikindaleyfi frá hausti 2016
28	Örn Arnarson	Umsjónarkennari á unglíngastigi	100	

		Stöðugildi starfsmanna Heiðarskóla samtals:	25,98	
	Nafn	Starfsheiti:	Ráðninga rhlutfall	Athugasemdir:
	Skýjaborg:			
1	Aurelia Solovei	Leiðbeinandi	100	Lausráðin
2	Berglind Sigurðardóttir	Leiðbeinandi / stuðningur	100	Fer yfir í Heiðarskóla í haust.
3	Eyrún Jóna Reynisdóttir	Sviðsstjóri / starfandi skólastjóri	100	Ráðin skólastjóri frá með næsta hausti
4	Fjóla Lind Guðnadóttir	Matráður	100	
5	Guðmunda Júlía Valdimarsdóttir	Deildarstjóri	100	Lausráðin
6	Guðný Kristín Guðnadóttir	Leiðbeinandi	100	Lausráðin
7	Guðrún Magnúsdóttir	Leiðbeinandi	75	
8	Halla Sigríður Bragadóttir	Leikskólaleiðbeinandi B	100	Lausráðin
9	Hannessína Ásdís Ásgeirsdóttir	Ræstitæknir	38	
10	Ingibjörg Sigmundsdóttir	Leiðbeinandi í leikskóla		afleysingar
11	Kristín Ása Hjálmsdóttir	Leiðbeinandi	100	Lausráðin
12	Magnea Sigríður Guttormsdóttir	Deildarstjóri	90	Í veikindaleyfi í allan vetur
13	Sara Margrét Ólafsdóttir	Leikskólakennari / verkefnastjóri	60	Lausráðin
14	Sigurbjörg Friðriksdóttir	Deildarstjóri Regnbogans	80	
15	Unnur Tedda Þorgrímsdóttir	Leiðbeinandi í leikskóla	100	
		Stöðugildi starfsmanna Skýjaborgar samtals:	11,315	

Stöðugildi í Skýjaborg reiknaðist eftirfarandi fyrir skólaárið 2016-2017:

Stjórnun	1
Eldhús	1
Grunnstöðugildi	6,5
Sérkennsla	1,625
Afleysing v. undirbúnings	0,35
Afleysing 8,33%	0,84
ALLS	11,315

Sérkennsluþörf leikskólans skiptist eftirfarandi: 1 stöðugildi skv. greiningu eins barns, 0,25 stöðugildi vegna tveggja tvítyngdra barna og 0,375 stöðugildi vegna eins fjöltyngds barns með ADHD. Reiknað skv. samþykktum verklagsreglum.

4.1 Breytingar í starfsmannahópnum

Nokkrir nýir starfsmenn hófu störf haustið 2015:

- Í Skýjaborg: Guðmunda Júlía Valdimarsdóttir leikskólakennari og deildarstjóri, Guðný Kristín Guðnadóttir leiðbeinandi og grunnskólakennaranemi, Fjóla Lind Guðnadóttir matráður og Sara Margrét Ólafsdóttir leikskólakennari og verkefnastjóri.
- Í Heiðarskóla: Arna Kristín Sigurðardóttir sérkennari/kennari ráðin frá 1. ágúst, Heiðís Helga Guðnadóttir stuðningsfulltrúi frá 15. ágúst til 15. júní.

Í Skýjaborg hættu tveir starfsmenn að loknum ráðningarsamningi sumarið 2017 en hinir fjórir voru endurráðnir. Þær Sara Margrét Ólafsdóttir og Halla Sigríður Bragadóttir hættu vorið 2017. Sara Margrét starfaði sem verkefnisstjóri skólasamstarfs og ekki var endurráðið í þá stöðu.

Í Heiðarskóla hættu Arndís Halla Guðmundsdóttir, Elín Guðrún Tómasdóttir, Alexandra Chernyshova, Jón Rúnar Hilmarsson, Kolbrún Sigurðardóttir. Ráðnar voru haustið 2016 Arna Kristín Sigurðardóttir og Heiðís Helga Guðnadóttir. Dóra Línal Hjartardóttir kom inn sem stundakennari í upphafi skólaársins. Vorið 2017 hætti Hjálmur Dór Hjálmsón, kennari. Síðasta vetur var enginn verkefnastjóri starfandi í Heiðarskóla.

Í haust munu taka í gildi breytingar á skipuriti skólans. Lagt var niður starf skólastjóra yfir Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar og sviðsstjóra sviðanna. Sigríður Lára Guðmundsdóttir hefur verið ráðin skólastjóri grunnskólasviðs, Heiðarskóla. Eyrún Jóna Reynisdóttir hefur verið ráðin skólastjóri leikskólasviðs, Skýjaborgar. Guðmunda Júlía Valdimarsdóttir hefur verið ráðin sem aðstoðarleikskólastjóri Skýjaborgar. Sigurður Þ. Sigurbórsson hefur verið ráðinn aðstoðarskólastjóri Heiðarskóla. Ekki er gert ráð fyrir neinum verkefnastjóra næsta vetur í leik- og grunnskólanum.

4.2 Stjórnun og verkaskipting

Breytingar urðu í stjórnendateymi í upphafi skólaárs. Skólastjóri sagði upp störfum og tóku sviðsstjórar við tímabundið, út skólaárið, sem skólastjórar á sínu sviði, Sigríður Lára Guðmundsdóttir í Heiðarskóla og Eyrún Jóna Reynisdóttir í Skýjaborg. Þær unnu samkvæmt verkefnalýsingum annars vegar leikskólastjóra og hins vegar skólastjóra grunnskóla. Auk þess unnu þær saman í stjórnendateymi og hittust á vikulegum samráðsfundum.

Vikulegir samráðsfundir stjórnenda:

- Farið yfir fagleg mál skólans - stefnu framfylgt - skipulagning
- Starfsmannamál
- Skýrslugerðir - Ársskýrsla - sjálfsmatsskýrsla - skólanámskrá - starfsáætlun

4.3 Starfslýsing verkefnastjóra skólaárið 2016-2017

Einn verkefnastjóri var starfandi síðast vetur í 60% starfshlutfalli: Sara Margrét Ólafsdóttir verkefnastjóri skólasamstarfs.

Verkefnastjóri skólasamstarfs – 60% starfshlutfall

Starfslýsing:

- Heldur utan um skólasamstarf leik- og grunnskólans.
- Endurskoðar og metur stefnu skólans í skólasamstarfi.
- Heldur utan um og skoðar möguleika á samstarfi við aðra leik- og grunnskóla á þessu sviði.
- Sér um upplýsingaflæði til starfsmanna um skólasamstarf.
- Kemur með tillögur að sí- og endurmenntun starfsmanna varðandi skólasamstarf.
- Vera í sambandi við aðra verkefnastjóra með samþættingu verkefna.
- Skilar af sér til skólastjóra munnlegri og skriflegri skýrslu með ofangreindum atriðum eigi síðar en 10. júní.

4.4 Upplýsingaflæði

Upplýsingum frá skólanum er komið á framfæri með ýmsum hætti, m.a. með:

- Skólafréttabréfi sem starfandi skólastjórar senda á alla starfsmenn skólans í lok hverrar viku. Bréfið, sem er tölvupóstur, inniheldur upplýsingar um hvað er framundan í skólastarfinu.
- Upplýsingum á heimasíðu skólans, en hún er notuð til að koma á framfæri ýmsum fréttum og tilkynningum auk þess sem hún hefur að geyma allar útgefnar skýrslur skólans, skóladagatöl, hagnýtar upplýsingar og fjölbreytt og lifandi myndasafn úr starfi skólans.
- Fréttabréf var sent út í gegnum Mentor á foreldra Heiðarskóla nokkrum sinnum yfir skólaárið.
- Upplýsingapóstur í gegnum Mentor til foreldra eftir þörfum.
- Lokuðum Facebook síðum bæði í leikskólanum og grunnskólanum sem aðgengilegar eru foreldrum.

4.5 Skipulagsdagar

Einn sameiginlegur skipulagsdagur var á skólaárinu:

- 15. ágúst: Skyndihjálparnámskeið og fyrirlestur um jákvæða sálfræði og núvitund.

Í Skýjaborg voru 5 aðrir skipulagsdagar (4 heilir og 2 hálfir):

- 16. september: Farið yfir starfsáætlun Skýjaborgar 2016-2017, niðurstöður starfsmannasamtala feb-maí 2016 og helstu niðurstöður viðhorfskannanna foreldra og starfsmanna. Farið var yfir skólastefnu Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar. Farið yfir viðbragðs- og rýmingaráætlun skólans og aðra punkta er varða skólastarfið.
- Hálfur starfsdagur, 14. október: Vinna fyrir foreldraviðtöl á sitt hvorri deildinni. Starfandi skólastjóri var í skrifstofuvinnu og kom inn á deildarfundi. Matráður var í þrifum.

- 10. mars: Farið yfir umhverfisgátlista, haldin var brunaæfing og deildarfundir með vinnu fyrir foreldraviðtöl. Fagfundur um byrjendalæsi/leikskólalæsi.
- 21. og 24. apríl: Þá fór starfsfólk í náms- og kynnisferðar til Berlínar. Starfsfólk sótti heilsdags jóga námskeið, hálf dags listnámskeið og fór í eina leikskólaheimsókn.
- Hálfur starfsdagur, 2. júní: Vinna við mat á skólastarfi vetrarins. Starfsfólk vann þennan dag af sér seinnipartinn 30. maí.

Í Heiðarskóla voru 12 aðrir skipulagsdagar, þar af 5 á starfstíma skólans og 7 utan starfstíma skólans:

- 16. – 19. september: Undirbúningur fyrir skólaárið, skólastjóri fór yfir verkefni vetrarins með hverjum og einum.
- 13. – 14. október: Helmingur starfsmannahópsins í náms- og hópeflisferð í Brighton. Hinn helmingurinn fór í skólaheimsóknir eða vann við einstök verkefni.
- 3. janúar: Námsmatsvinna
- 4. janúar: Sjálfsmat og undirbúningur fyrir skólaárið.
- 31. maí: Vitnisburður og undirbúningsvinna fyrir skólaslit.
- 1. – 2. júní: Sjálfsmatsvinna, frágangur og tiltekt.
- 6. júní: Námsmatsvinna

4.6 Fundir

Fundir voru skipulagðir þannig að stjórnendateymi, sem voru Eyrún og Sigga Lára, funduðu alla föstudaga frá 15:00-16:00.

Í Skýjaborg voru deildarstjórafundir alla mánudaga frá 9:00-10:00 sem deildarstjórar og starfandi leikskólastjóri sátu. Þá voru deildarfundir einu sinni í viku á mánudögum kl. 10:00-11:00 og fékk hvor deild annan hvorn mánudag.

Í Heiðarskóla voru starfsmannafundir einu sinni í mánuði á miðvikudögum kl. 14:30 – 16:00. Aðra miðvikudaga voru kennarafundir. Örfundir með öllum starfsmönnum voru á þriðjudagsmorgnum kl. 8:05 – 8:15. Fastir fundir voru á mánudagsmorgnum kl. 8:00 þar sem starfandi skólastjóri fundaði ýmist með Nemendaráði, starfsfólki í tómstund eða almennum starfsmönnum. Þessir hópar funduðu því þriðja hvern mánudag með starfandi skólastjóra.

4.7 Símenntun

Markmið er að allir starfsmenn skólans sækji símenntun samhliða starfi til hagsbóta fyrir skólastarfið. Símenntun starfsmanna er ein af forsendum framfara, þess vegna þurfa allir að taka þátt í símenntun sem miðar að því að bæta árangur skólastarfsins. Leitast er eftir því að skilgreindar þarfir skólans og sérstakar óskir starfsmanna um endurmenntun fari saman.

Kennarar í fullu starfi í Heiðarskóla eiga að sækja sér endurmenntun sem hér segir;

- Kennari yngri en 30 ára: 150 tímar utan starfstíma / 113 tímar innan starfstíma skóla
- Kennari 30 til 38 ára: 126 tímar utan starfstíma / 95 tímar innan starfstíma skóla

- Kennari 38 ára og eldri: 102 tímar utan starfstíma / 77 tímar innan starfstíma skóla

4.7.1 Námskeið og ráðstefnur

Eftirfarandi símenntun átti sér stað í Skýjaborg:

- 15. ágúst: Allir starfsmenn fóru skyndihjálparnámskeið.
- 15. ágúst: Allir starfsmenn sátu fyrirlestur um núvitund og jákvæða sálfræði. Fyrirlesari: Bryndís Jóna Jónsdóttir frá Núvitundarsetrinu.
- 18. ágúst: Tveir starfsmenn fóru á námskeið í Office 365 – Skýjalausnir.
- 30. ágúst: Einn starfsmaður sótti námskeiðið Að stjórna jafningjum hjá Þekkingarmiðlun ehf.
- 16. september: Farið var yfir með öllum starfsmönnum Starfsáætlun Skýjaborgar 2016-2017, niðurstöður mats á skólastarfi, niðurstöður úr starfsmannasamtölum og aðgerðarplan, farið yfir og skólustefnu Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar og gerðar breytingar, viðbragðs- og rýmingaráætlun skólans og skráningu á slysum barna.
- 18. október: Einn starfsmaður sótti trúnaðarmannanámskeið.
- 25. október: Einn starfsmaður sótti sundlaugarvarðarnámskeið.
- 27. október: Einn starfsmaður sótti námskeiðið Íslenski þroskalistinn hjá Endurmenntun.
- 28. október: Einn starfsmaður sótti námskeiðið Smábarnalistinn hjá Endurmenntun.
- 31. október: Tveir starfsmenn sóttu námskeiðið Starf sérkennslustjóra hjá Endurmenntun.
- 15. – 16. nóvember: Einn starfsmaður sótti öryggistrúnaðarmannanámskeið.
- 30. janúar: Þrír starfsmenn sátu námskeið um leikskólakerfi Mentors.
- 13. febrúar: Einn starfsmaður sótti Bitsboard Pro námskeið.
- 10. mars: Allir starfsmenn (fyrir utan matráð) sátu fagfund um byrjendalæsi/leikskólalæsi.
- 20. – 22. mars: Einn starfsmaður sótti trúnaðarmannanámskeið.
- 23. – 25. mars: Einn starfsmaður sótti ráðstefnu NERA í Kaupmannahöfn, Danmörku um menntun ungra barna.
- 20. – 24. apríl: Allir starfsmenn fóru í náms- og kynnisferð til Berlínar:
 - Sóttu jóganámskeið með áherslu á jógakennslu ungra barna.
 - Sóttu listnámskeið með áherslu á listkennslu ungra barna.
 - Fóru í leikskólaheimsókn.
- 10. maí: Tveir starfsmenn sóttu námskeið um nýja nálgun í atferlisþjálfun hjá Greiningarstöð.
- 11. – 12. maí: Einn starfsmaður sótt vorráðstefnu Greiningarstöðvar.
- 15. maí: Tveir starfsmenn sóttu ráðstefnu RannUng um menntun 5 ára barna.
- 9. júní: Einn starfsmaður sótti námstefnu FSL um vellíðan í starfi.

Eftirfarandi símenntun átti sér stað í Heiðarskóla:

- 14. ágúst: Hausráðstefna 2016 Samtaka áhugafólks um skólaþróun - Samskipti og samvinna. Allir kennarar mættu.
- 15. ágúst: Allir starfsmenn fóru á skyndihjálparnámskeið.
- 15. ágúst: Allir starfsmenn sátu fyrirlestur um núvitund og jákvæða sálfræði. Fyrirlesari: Bryndís Jóna Jónsdóttir frá Núvitundarsetrinu.
- 26. september: Læsisráðstefna á vegum Miðstöðvar skólaþróunar á Akureyri, einn starfsmaður sótti ráðstefnuna.

- 12. og 13. september: Einn starfsmaður fór á námskeið á vegum SÍ fyrir skólastjóra.
- 16. september: Haustþing kennara í Grundafirði. Fámennt var frá Heiðarskóla, langt að fara og skóladagur.
- 2. október: Ráðstefna um áhrif markaðsafla á sjálfsmynd og hegðun – þrír starfsmenn.
- 13. og 14. október: Útinámsnámskeið í Brighton. Um helmingur starfsmannahópsins.
- 25. október: Þrír starfsmenn sóttu sundlaugarvarðarnámskeið, þar af einn starfsmaður Íþróttamiðstöðvarinnar.
- 15. – 16. nóvember: Einn starfsmaður sótti öryggistrúnaðarmannanámskeið.
- 16. nóvember: Almennir starfsmenn sóttu námskeið á vegum Jónu Margrétar Ólafsdóttur er bar yfirskriftina „Að njóta sín í lífi og starfi“.
- 20. janúar: Einn starfsmaður fór á fræðslufund á vegum HÍ fyrir náms- og starfsráðgjafa.
- Janúar – mars: Einn starfsmaður tók þátt í nýsköpunarnámskeiði sem haldið var nokkrum sinnum á hinum ýmsu stöðum á Vesturlandi.
- 2. febrúar: Gegnir bókasafnskerfi - fundur – einn starfsmaður sótti fundinn.
- 10. febrúar: "Ekki lengur grænjaxlar: Hvert nú?" Ráðstefna Skóla á grænni grein, tveir starfsmenn sóttu ráðstefnuna.
- 13. febrúar: Kynningarfundur v/samræmdra prófa í 9. og 10. bekk vorið 2017, þrír starfsmenn sóttu fundinn.
- 3. mars: Tólmundadagurinn 2017 - Ráðstefna Menntavísindasviðs. Einn starfsmaður sótti ráðstefnuna.
- 3. mars: Málþing um menntun barna í leit að alþjóðlegri vernd. Einn starfsmaður sótti þingið.
- 10. mars: Kennarar af yngsta stigi sátu fagfund um byrjendalæsi/leikskólalæsi.
- 13. – 14. mars: Einn starfsmaður fór á námskeið á vegum SÍ fyrir skólastjóra.
- 10. maí: Skólaskil grunn- og framhaldsskóla, fundur á Akranesi, þrír starfsmenn sóttu fundinn.
- 11. – 12. maí: Einn starfsmaður sótt vorráðstefnu Greiningarstöðvar.
- Símenntun kennara á vegum skólans var að öllu jöfnu fyrsta þriðjudag í mánuði sem hér segir:
 - Ágúst: Námskeið í Office 365 – Skýjalausnum. Hjálmur Dór Hjálmsson, kennsluráðgjafi í UT.
 - September: Kynning á námsmati frá Klébergsskóla, nokkrir kennarar sem voru komnir vel á veg í námsmatsvinnu kynntu sína vinnu.
 - Október: Teech kynning frá starfsmanni Brekkubæjarskóla.
 - Nóvember: Uppbygging – uppeldi til ábyrgðar, upprifjunarnámskeið á vegum Guðlaugar Erlu Gunnlaugsdóttur, skólastjóra Ingunnarskóla.
 - Janúar: Kennarar hvattir til að fara í skólaheimsóknir í teymiskennsluskóla.
 - Febrúar: Námskeið í tímastjórnun, Unnur Magnúsdóttir frá Dale Carnegie.
 - Mars: Námsmat, Gunnur Líf Gunnarsdóttir frá Mentor.
 - Apríl: Námsmat, Gunnur Líf Gunnarsdóttir frá Mentor.

5 Áherslur vetrarins 2016-2017

5.1 Skólanámskrá

Skólanámskráin er í stöðugri endurskoðun. Í ár var kafli 2 tekinn til rýningar með öllu starfsfólki skólans. Einnig voru úreltar upplýsingar lagfærðar.

<http://skoli.hvalfjardarsveit.is.b400.opex.is/content/skólanámskrá>

5.2 Læsisstefna

Læsisstefna Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar var unnin á sameiginlegum starfsmannafundum skólaárið 2015-2016 og samþykkt á skólaárinu.

<http://skoli.hvalfjardarsveit.is.b400.opex.is/sites/default/files/Læsisstefna%20samþykkt.pdf>

Læsisstefna Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar – viðmið og viðbrögð er fyrir grunnskólasvið. Þegar stefnan er samþykkt eru lesfimi viðmið MMS að koma út og á eftir að uppfæra eftirfarandi kafla með það í huga.

<http://skoli.hvalfjardarsveit.is.b400.opex.is/sites/default/files/Microsoft%20Word%20-%20Viðmið%20um%20lestrarfærni%20og%20eftirfylgni-læsisstefna%202.12.2016.pdf>

5.3 Umhverfismennt

Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar hefur verið í mörg ár þátttakandi í Grænánaverkefni. Hér má sjá yfirlit yfir hvað var gert á skólaárinu á hvoru sviði fyrir sig varðandi umhverfismennt.

5.3.1 Umhverfismennt í Skýjaborg

Markmið grænánaverkefnisins með plastpókanotkun hefur gengið vel. Fleiri taupokar voru saumaðir og eru nú engin blaut / skítug föt send heim í plastpokum. Í mars 2017 hafði verkefnastjóri Grænánaverkefnisins samband við Íslenska gámafélagið út frá þætti á RÚV um flokkun í grænu tunnuna. Fram að þessum tíma settum við allt plast, ál og minni pappaafganga í glæra poka ofan í grænu tunnuna. En gámafélagið gerði kröfu um það til að byrja með en er ekki þörf á lengur. Við tókum ákvörðun að hætta því og minnka þar með enn meira plastpókanotkun. Börnin fara í gegnum endurvinnslukassann og taka úr það sem þau vilja og geta nýtt meira í leik eða starfi. Svo er hent beint úr kassanum í grænu tunnuna, sem áður voru um þrír glærir pokar í hver skipti sem kassinn var tæmdur.

Út frá markmiði að vinna að lýðheilsu, hollan mat og jóga var haldið var áfram með jógaáherslur á þessu ári. Starfsfólk prófaði sig áfram í jóga með börnunum og var sett markmið að hver barnahópur færi 1x í viku í jóga í hópastarfi. Á stærri stundum þar sem fleiri voru saman komnir var slakað á með jógaátónlist. Matseðlar (morgun-, hádegis- og síðdegismatar) voru ígrundaðir með tilliti til hollustu. Ekki var þörf á að breyta eða taka út, en lögð var áhersla á að bjóða upp á fjölbreyttara en áfram hollt meðlæti með hádegismatnum til að kynna börnunum fyrir fleiri grænmetistegundum. Gekk það vel og mátti sjá ánægju barna og starfsfólks með meiri fjölbreytni. Í janúar höfðum við forvarnaviku í hljóðvist. Starfsfólkið notaði Ípad-spjaldtölvunar til að mæla hljóðvist í herbergjum deildanna. Öryggistrúnaðarmaður leikskólans var umsjónarmaður mælinganna og tók þær saman. Fyrir hljóðvistarvikuna voru teknir saman punktar um hvað starfsfólk og börn gætu gert til að bæta hljóðvist og minnka óþarfa hávaða á deildunum (Sjá fylgiskjal 4). Leikföng, þá sérstaklega kubbar, voru færðir til á milli herbergja, þar sem mest af efnivið var í boði í stærsta rými Regnbogans, eldri deildarinnar, sem skapaði hávaða þar.

Í apríl 2017 fór starfsfólk Skýjaborgar í náms- og kynnisferð til Berlínar í Þýskalandi. Þar heimsótti starfsfólkið leikskóla sem leggur mikið upp úr útiveru barnanna. Leikskólinn hefur meðal annars reit til

ræktunar sem er vel nýttur. Farið var á listnámskeið þar sem lögð var áhersla á hvernig nálgast á listkennslu barna. Einnig var farið á jóganámskeið. Á jóganámskeiðinu var farið yfir bakgrunn jóga og hvernig byggja á upp jógatíma með börnum. Starfsfólk bjó svo til jógaævintýraferðir / jógaundir með upphafi og endi og fara þær kennsluáætlanir inn í verkefnakistu grænfánans. Hluti hópsins fór í hjólaferð um borgina og upplifi umhverfi hennar og sögu.

Áfram var unnið að markmiðum grenndarnáms. Vinnan hefur ekki verið þróuð frekar. Landakortið og leynistaðir eru á sínum stað.

Mánaðartengdur gátlisti var endurskoðaður að hausti. Listinn er sýnilegur og starfsfólk fylgir honum eftir við skipulagningu skólastarfsins.

Farið var yfir gátlista grænfánaverkefnis á starfsdegi í mars 2017. Í lok apríl var skilað inn skýrslu og óskað eftir fjórða grænfánanum. Úttekt var á leikskólanum 30. maí og fjórða grænfánaafhending þann 31. maí.

5.3.2 Umhverfismennt í Heiðarskóla

Heiðarskóli fékk Grænfánann í 5. sinn á skólaslitum 31. maí. Helstu verkefni skólaársins voru:

- Dagur íslenskrar náttúru

Það átti að halda dag íslenskrar náttúru í Ölveri en vegna veðurs vorum við í Heiðarskóla. Í tilefni dagsins voru unnin alls kyns verkefni utandyrar sem tengjast náttúrunni á einhvern hátt. (sjálfbærni, sköpun, heilbrigði og velferð, læsi)

- Haustferðir

Yngsta stigið fór til Akraness og átti góða stund á hinum fagra Langasandi á meðan miðstigið labbaði upp á Snók í fallegasta haustveðri.

Unglingastigið gekk Síldarmannagötur frá Hvalfirði yfir í Skorradal og gisti þar eina nótt. (heilbrigði og velferð, læsi)

- Kartöfluupptaka

Eins og hefð er fyrir í Heiðarskóla setjum við niður kartöflur að vori til og tökum upp afraksturinn að hausti. Nemendur okkar í 1. - 7. bekk tóku upp kartöflurnar. Uppskeran var misgóð en allir sem vildu fengu að taka með sér smá smakk heim og síðan voru þessar ljúffengu kartöflur á boðstólnum í hádegismatnum hjá okkur í skólanum. (sjálfbærni, heilbrigði og velferð, læsi)

- Þemavika Neysla

Nemendur unnu verkefni tengt neyslu. Þeir höfðu hópaskiptinguna eftir stigunum: yngsta- mið- og elsta stigið. Nemendur komust að því að við erum að nota allt of mikið plast og það er alls ekki gott fyrir jörðina eða lífverurnar sem á henni lifa. Ýmislegt áhugavert mátti sjá af vinnu barnanna um neyslu. T.d. svör við spurningunum: Hver er mesti óþarfi sem þú hefur keypt? Hver eru umhverfismerkin og hvað tákna þau? Hvað þurfum við? Hvað langar þig í en þarft ekki? Hvaða áhrif hefur neysla jarðarbúa á jörðina? Hvað getum við gert til að fara betur með jörðina? Nemendur fengu líka að nýta afganga og það sem aðrir eru hættir að nota í skapandi starfi, t.d. kertagerð og stöðvavinnu. (sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, sköpun, heilbrigði og velferð, læsi)

- Jól í skókassa

Heiðarskóli tók í annað sinn þátt í verkefninu "Jól í skókassa". Markmið verkefnisins er að fá börn og fullorðna til að gleðja börn sem lifa við fátækt, sjúkdóma og erfiðleika. Nemendur í 1. - 7. bekk söfnuðu leikföngum, skóladóti, hreinlætisvörum, sælgæti og fötum. Skókassarnir voru sendir til Úkraínu og þeim dreift til barna á munaðarleysingjaheimilum, barnaspítulum og til fátækra barna. (sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, sköpun, heilbrigði og velferð, læsi)

- Matarvigtun 12.-16. desember

Í fimm daga vigtuðum við matarleifar eftir hádegismatin. Níundi bekkur henti 0 grömmum þessa fimm daga! Aðrir bekkir hentu samt yfirleitt mjög litlu. (sjálfbærni, heilbrigði og velferð, læsi)

- Sjálfbær hilla

Nú erum við búin að laga hana til og hún er orðin litrík og flott og tilbúin í notkun aftur. Í þessa hillu má setja allskonar hluti sem við erum hætt að nota, t.d. bækur, föt, spil, leikföng o.s.frv. Þar má líka taka hluti sem mann vantar og getur nýtt sér. Þannig virkar hún eins og einskonar skiptihilla (sjálfbærni, heilbrigði og velferð, jafnrétti)

- Endurvinnsla farsíma

Í janúar tókum við þátt í að endurvinnna farsíma – átak sem "Jane Goodall institute" stendur fyrir. Úr farsímum er hægt að endurvinnna verðmæta málma sem annars þarf að grafa eftir á viðkvæmum svæðum, m.a. í Afríku. Það tókst að safna 21 síma. (sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, heilbrigði og velferð, læsi)

- Rafmagnsmæling

Í okkar árlega rafmagnssparnaði var rafmagnsnotkun án sparnaðátaks mæld frá 16.-30. janúar. Svo fylgdu tvær vikur með sparnaði sem að mestu leiti felur í sér að við erum að slökkva á tölvum og ljósum þegar það er hægt, það er ekki margt annað sem við getum gert. Sparnaðurinn var 522 kWh. Sem þýðir að á 12 mánuðum væri hægt að spara 188.170 kr. Það tókst að spara svolítið ☺ Við spurðum okkur: Hvað getum við gert fyrir peninginn? (sjálfbærni, heilbrigði og velferð, læsi)

- Gátlistinn

Í mars fóru yngsta- mið- og elsta stigið yfir gátlistann frá Grænfánanum. Það kemur vel út en það er alltaf hægt að gera betur. Okkur langar t.d. að minnka plastpökunotkun í ruslafötum en það er oft erfitt að tæma endurvinnslulát í gámana úti vegna roks. Við munum setja okkur ný markmið um plastnotkun í skólanum í haust. (læsi)

- Umhverfisdagurinn 25. apríl

Umhverfisnefnd Heiðarskóla var með innlegg um neyslu. Föt úr óskilamunum voru verðsett og samanlögð tala var skoðuð. Verðmæti eins lítils poka varð rúmlega 50.000 kr. Hvernig förum við eiginlega með verðmætin okkar? Kynntar voru nýju flokkunartunnurnar fyrir salinn og efri hæðina. Við sýndum líka nýja skiltið okkar sem verður sett upp fyrir utan inngang skólans og hvetur okkur að drepa á bílnum. Vorhreinsun á skólalóðinni, á útisvæðum nálægt skólanum og meðfram veginum. (sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, sköpun, heilbrigði og velferð, læsi)

- Survivordagur

Skólastarfið í Álfholtsskógi og unnin spennandi verkefni í aldursblönduðum hópum. Hver hópur bjó sér til skýli í skóginum og vann nokkur verkefni fyrir nýja skógarheimilið sitt. Í lokin sýndu hóparnir afrakstur verkefnanna.

- Gróðursetning, settar niður kartöflur, tré gróðursett.
- Heiðarsóley – umhverfisblaðið.
- Sameiginlegur fundur með leikskólanum. Umræður og fræ sett í mold.

5.4 Skólasamstarf

Skýrsla um skólasamstarf Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar 2016-2017

Sara Margrét Ólafsdóttir

1. Fyrstu fundur kennara um skólasamstarfið var haldinn 22. sept 2017. Á fundinum var farið yfir skýrslu um samstarfið frá fyrra ári og settar niður dagsetningar ýmissa viðburða sem verða á haustönn. Ákveðið var að leikskólabörnin myndu byrja daginn í íþróttum þegar þau koma í Heiðarskóla en síðan yrði starfið byggt á hugmyndum barnanna og í lok dags fengju þau tíma á bókasafninu. Þannig yrði upphaf og endir eins en fjölbreyttari viðfangsefni inn á milli. Börnin yrðu spurð fyrir hverja heimsókn hvað þau myndu vilja vita, gera eða sjá þegar þau koma í heimsóknir og þeirra hugmyndir notaðar til þess að móta starfið.
2. Þann 21. september hófst könnunarverkefni elstu barnanna í leikskólanum. Hópstjóri elstu barnanna leitaði eftir þekkingu og reynslu barnanna á Heiðarskóla þ.e. hvað þau vissu um skólann. Í framhaldinu voru þau síðan spurð hvað þau vildu vita og síðan var unnið út frá því við skipulagningu samstarfsins. Þetta var gert á milli allra samstarfsdaganna þetta skólaár.
3. Leikskólabörnin fóru í 7 heimsóknir á haustönn oftast frá kl. 9-11:30. Börnin byrjuðu daginn í íþróttahúsinu en síðan voru hugmyndir þeirra nýttar til þess að skipuleggja tímann þangað til þau færu á bókasafnið í lok dags. Helstu áherslur voru á að hitta skólastjóran, skoða skólann og umhverfi hans, hitta börn og kennara 1. bekkjar, fara í leikherbergið, kanna lækinn, æfa og taka þátt í leiksýningu.
4. Þann 10. nóvember var elstu börnum leikskólans boðið á leiksýninguna Baldursbrá í Heiðarskóla. Börnin voru flest ánægð með sýninguna þrátt fyrir að rebbi hafi verið frekar óhugnanlegur.
5. Á haustönn kom 1. bekkur einu sinni í heimsókn í leikskólann og var boðið á jólasýningu. Börnin í 3. bekk komu þann 16. nóvember á Degi íslenskrar tungu og lásu fyrir leikskólabörnin sem fóru með þulu fyrir gestina. Elstu börn leikskólans tóku þátt í Fullveldishátíð í Heiðarskóla þann 1. desember þar sem þau sungu lag um Línu Langsokk sem þau höfðu æft í leikskólanum.
6. Annar fundur kennara um skólasamstarfið var haldinn 12. desember. Þá var farið yfir hvernig haustið hefði gengið og það nýtt til þess að byggja á. Þar kom fram að heilt yfir hefði samstarfið gengið vel. Börnin væru ánægð með íþróttirnar, lækurinn væri spennandi og þau töluðu um að það væri gott að þekkja einhvern sem er eldri í skólanum s.s. systkini, frændsystkini eða vini. Börnin gætu leitað eftir stuðningi til þeirra og fundu öryggi í því. Grunnskólakennararnir töluðu um að barnahópurinn væri góður og það hefði gengið vel í íþróttum, á bókasafninu og með 1. bekk. Skipulagðir voru samstarfsdagar á vorönn. Þá yrðu átta samstarfsdagar en tveir yrðu á hlutlausum stöðum þ.e.a.s. farið í tvær sameiginlegar vettvangsferðir með elstu börn leikskólans og 1. bekk. Einnig voru settar fram dagsetningar fyrir vorskólann. Ræddar voru hvaða væntingar grunnskólakennararnir gera til barnanna þegar þau byrja í skólanum en fram

kom að helsta áhersla væri á að: gera þau örugg í umhverfi skólans, þeim líði vel og hafi tækifæri til þess að prufa það sem þau langar til.

7. Farnar voru tvær sameiginlegar vettvangsferðir, fyrri ferðin þann 23. febrúar í Álfholtsskóg og síðari þann 27. apríl í fjöruna að Súlunes. Í þessum ferðum fengu börnin tækifæri til þess að leika sér og kanna umhverfið á eigin forsendum sem mæltist vel til frá börnunum, foreldrum elstu barnanna í leikskólanum og kennurum leik-og grunnskólans. Leggjum til að þessu verði haldið áfram og hugmynd um að bæta jafnvel við vettvangsferð á Akranes. Ekkert varð af heimsókn 1. bekkjar í leikskólann á vorönn. Í fyrri skýrslu kemur fram að börnin í 1. bekk hefðu vilja koma oft en að þessu sinni komu þau sjaldnar sem þarf að endurskoða.
8. Leikskólabörnin fóru í sex heimsóknir í Heiðarskóla frá kl. 9-13:00. Dagurinn var með svipuðum hætti og fyrir áramót nema börnin byrjuðu daginn í sundi og enduðu í hádegismat og útiveru. Á milli þessar stunda var haldið áfram að byggja samstarfið á hugmyndum barnanna. Helstu áherslur á vorönn: tónlist, heimilisfræði, leikherbergi, aðstaða unglinganna, hitta eldri systkini eða vini.
9. Heimsóknirnar voru allar skráðar með ljósmyndum og texta. Skráningarnar voru allar birtar á lokaðri facebook síðu leikskólans. Foreldrar elstu barnanna voru mjög ánægðir með þetta fyrirkomulag, sögðust bíða spenntir eftir að fá upplýsingar um hvað börnin hefðu verið að gera og gátu notað þær til þess að ræða við börnin um samstarfið. Hópstjóri nýtti skráningarnar jafnframt til þess að rifja upp með börnunum og ræða við þau um framhaldið, hvernig þau upplifðu síðustu heimsókn og hverju þau hefðu áhuga á að taka þátt í þeirri næstu.
10. Leikskólabörnin fóru í vorskólann þrjá daga 3., 4. og 5. maí. Þær upplýsingar sem hópstjóri fékk var að hann hefði gengið vel. Börnin hafi að mestu verið örugg og áhersla hafi verið á að þau fengi að njóta sín í skólanum. Fram kom í umræðunni að leikskólabörnin hafi verið óörugg um hvert þau ættu að fara þegar þau kæmu inn úr frímínútum en þeim skilaboðum verður komið á framfæri til grunnskólans.
11. Skýjaborgarval grunnskólans var með svipuðum hætti og undanfarin ár. Krakkar úr unglingadeild Heiðarskóla komu tvö til þrjú saman í leikskólann og tóku þátt í daglegu starfi með börnunum í einn dag.
12. Þriðji fundur kennara um skólasamstarfið var haldinn 17. maí. Farið var yfir hvernig samstarfið hafði gengið og hverju mætti breyta eða bæta fyrir næsta skólaár. Kennarar voru sammála um að samstarfið hafi gengið vel. Börnin hafi fengið tækifæri til þess að kynnast börnum og starfsfólki grunnskólans og kanna umhverfi hans, stundum ein og stundum með eldri nemendum skólans. Sameiginlegar vettvangsferðir þóttu heppnast vel og voru þær í raun eina tækifæri leikskólabarnanna til þess að komast í slíkar ferðir á skólaárinu. Mikilvægt er að skoða nánar hvort og hvernig megi gera bæði þ.e. að hafa gott samstarf á milli skólastiga og að börnin fái tækifæri til þess að fara í vettvangsferðir. Mikil áhersla á skólasamstarf má ekki bitna á öðrum mikilvægum þáttum leikskólastarfsins. Fram kom að einingakubbar sem notaðir eru í leikskólanum gæti verið góð viðbót við grunnskólastarfið þar sem börnin geta byggt áfram á reynslu og þekkingu úr leikskólanum (samfella í námi).

13. Leikskólinn óskaði eftir því að útskriftarferðin yrði bara fyrir leikskólabörnin. Þannig gætu þau fengið tækifæri til þess að fara í eina vettvangsferð og njóta sín á eigin forsendum. Sú ósk var samþykkt.

Samantekt:

Á þessu skólaári hefur sérstök áhersla verið á að hlusta á börnin og þeirra þarfir þegar kemur að því að fara á milli skólastiga. Tilgangurinn var að reyna að koma til móts við fjölbreyttar þarfir barnahópsins. Fram hefur komið frá börnunum, foreldrum þeirra og kennurum að þetta hafi gefist vel. Börnin séu örugg og líði vel að takast á við þær breytingar sem eru í vændum og komið hafi verið til móts við þarfir þeirra. Foreldrar leikskólabarnanna töluðu um að þeir hafi verið meðvitaðir um það sem fram fór og voru þátttakendur í samstarfinu með barni sínu. Þar hafi skráningar á facebook síðu og annarrar umræðu komið sér vel. Lagt til að þessu verði haldið áfram.

Með því að skipuleggja samstarfið út frá hugmyndum barnanna eykst jafnframt umræða milli skólastiganna, leik-og grunnskólakennara, um hvað sé mikilvægt fyrir börnin að taka þátt í áður en þau byrja í grunnskóla. Hópstjóri sá um að koma hugmyndum barnanna til Siggú Láru sem stóð sig vel í að koma til móts við þær og koma þeim inn í stundatöflu/tímatöflu grunnskólans. Lagt er til að þessu verði haldið áfram og jafnvel að auka samtal leik-og grunnskólakennara enn frekar.

Skólasamstarfsverkefnið var sett fram sem rannsóknarverkefni. Þá gerði verkefnisstjóri starfendarannsókn þar sem hann skoðaði hvernig hægt væri að byggja skólasamstarf á hugmyndum og þörfum barnanna. Könnunaraðferðin var notuð til þess að fá fram reynslu og þekkingu barnanna sem byggt var á. Gerðar voru skráningar að ýmsu tagi s.s. ljósmyndir úr starfinu, teikningar barna, samtöl/viðtöl við börnin og rýnihópaviðtal við fimm foreldra elstu barnanna. Þessi gögn verða nýtt enn frekar til kynningar á verkefninu og við skrif á tveimur bókaköflum „Following children’s advices about transition activities“ og „Listening to children as they transition to school“. Höfundar verða Sara M. Ólafsdóttir (verkefnisstjóri) og Jóhanna Einarsdóttir Prófessor í Menntunarfræði ungra barna. Í ágúst 2017 mun verkefnisstjóri kynna fyrstu niðurstöður bæði fyrir starfsfólki Skýjaborgar og Heiðarskóla.



„Heiðarskóli, leikskólinn og ég að fara á milli“ (Brynja María, 7. nóv. 2016)

6 Mat á skólastarfi

Samkvæmt lögum um leik- og grunnskóla ber að framkvæma innra og ytra mat í skólum. Tilgangur mats er að kanna hvort markmiðum skólans hefur verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu og skapa þannig grunn að umbótum. Margir ólíkir þættir hafa áhrif á skólastarf og skólar verða að koma til móts við ólíkar þarfir. Innra mat verður stöðugt að vera í gangi og er langtímamiðað. Með því fer fram víðtæk gagnasöfnun um skólastarfið. Innra mat skóla er því leið til þess að miðla þekkingu á skólastarfi og er liður í þróun og vexti hvers skóla. Innra mat, umbætur og mat á þeim eru því lykilli að því að gera góðan skóla betri. Ytra mat er framkvæmt annars vegar af fræðslu- og skólanefnd og hins vegar af mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

6.1 Innra mat

Notað er sama sjálfsmatskerfið fyrir leik- og grunnskólasvið, þ.e. Gæðagreina (grunnskóli) og Barnið í brennidepli (leikskóli) sem er heildstætt matstæki, skoskt að upplagi. Hér fyrir neðan má sjá sjálfsmatsáætlanir fyrir sviðin. Niðurstöður innra mats má finna í sjálfsmatsskýrslum sviðanna (Sjálfsmatsskýrsla Skýjaborgar er inn í starfsáætlun Skýjaborgar).

6.1.1 Sjálfsmatsáætlun Heiðarskóla

Sjálfsmatskerfið „Gæðagreinar 2“ er heildstætt gæðamatskerfi fyrir skóla. Skólaárið 2016-2017 voru gæðagreinar 1.1. - 5.9 metnir.

	2016-2017	2017-2018	2018-2019
Haustönn	Skólapúlsinn Ggr.1.1, 1.2, 2.1, 2.2, 3.1, 4.1, 4.2	Skólapúlsinn Ggr. 6.1, 6.2, 6.3	Skólapúlsinn Ggr. 8.1, 8.2, 8.3, 8.4
Vorönn	Skólapúlsinn Ggr. 5.1, 5.2, 5.3, 5.4, 5.5, 5.6, 5.7, 5.8, 5.9	Skólapúlsinn Ggr. 7.1, 7.2, 7.3.	Skólapúlsinn Ggr. 9.1, 9.2, 9.3, 9.4.

6.1.2 Sjálfsmatsáætlun Skýjaborgar

Mat á skólastarfi tekur mið af markmiðum og mælikvörðum sem settir eru fram í skólastefnu Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar og skólanámskrá. Á hverju ári eru matsfundir að vori þar sem skólastarf ársins er metið í heild og einstakir þættir þess.

Áherslur skólaársins 2016-2017 voru að meta:

- Lykilþátt 5. Vinnusiðfræði leikskólans, 5.1, 5.2, 5.3, 5.4, 5.5.
- Lykilþátt 6 að hluta. Námsumhverfi leikskólans, 6.3, 6.4.

Árlega er lagt upp með eftirfarandi matsþætti:

- Kynningarvika fyrir foreldra að hausti.
- Foreldraviðtöl tvisvar yfir skólaárið – helstu niðurstöður teknar saman.

- Starfsmannasamtöl – helstu niðurstöður teknar saman.
- Starfsáætlun.
- Símenntunaráætlun starfsmanna.
- Gátlisti Grænfánaverkefnisins.
- Mat barna á skólastarfinu.

Annað hvert ár er lagt upp með eftirfarandi matsþætti:

- Starfsmannakönnun – Fræðslu- og skólanefnd.
- Viðhorfaskönnun meðal foreldra – Fræðslu- og skólanefnd.
- Umsókn um Grænfána.

6.1.3 Starfsmannasamtöl

Starfsmannasamtöl fóru fram á tímabilinu 23. febrúar – 14. mars 2017. Fyrirkomulag samtalanna var með þeim hætti að sviðsstjóri/starfandi skólastjóri ræddi við hvern og einn starfsmann á sínu sviði út frá viðtalsramma sem fylgir í viðauka.

Hér fyrir neðan má sjá tölulegar upplýsingar úr þessum samtölum, þar sem starfsmenn gáfu þáttum í starfinu einkunn út frá einkunnaskalanum 1-3-5-7-9 þar sem 1 er lægst og 9 er hæst. Einnig komu fram almennar athugasemdir í samtölunum, bæði sem hefur með styrkleika skólans að gera og líka þar sem ákveðin tækifæri liggja til úrbóta. Niðurstöðurnar má finna í sjálfsmatsskýrslum sviðanna.

Örlítill breyting var á formi starfsmannasamtalanna frá síðasta ári. Þó er hægt að bera saman sömu þætti og frá fyrra ári.

Samantekt úr “mitt mat”, vorið 2016:

Ánægja í starfi	Samskipti / Starfsandi	Vinnuaðstaða / álag	Samskipti við börn / nem	Stjórnun á Vinnustað	Heild:
7,4	7,58	6,74	8,42	7,65	7,55
82%	84%	75%	94%	85%	84%
Heiðarskóli:					
7,17	7,61	7	8,3	7,43	7,5
Skýjaborg:					
8	7,5	6	8,75	8,25	7,7

Samantekt úr “mitt mat”, vorið 2017:

Ánægja í starfi	Samskipti / Starfsandi	Vinnuaðstaða / álag	Samskipti við börn / nem	Stjórnun á Vinnustað	Samskipti við foreldra	Heild:
Leik- og grunnskóli:						
7,5	7,7	7,3	8,3	8,4	8,3	7,9
83%	86%	81%	92%	93%	92%	88%
Heiðarskóli:						
6,9	7,4	7,1	8,2	8,5	8,2	7,7

77%	82%	79%	91%	94%	91%	86%
Skýjaborg:						
8,6	8,3	7,5	8,5	8,3	8,5	8,3
96%	92%	83%	94%	92%	94%	92%

6.2 Ytra mat

Fræðslu- og skólanefnd gerði mat á skipuriti Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar og lagði fram breytingar á skipuriti. Fenginn var utanaðkomandi aðili til að útfæra tillögur. Hann skilaði frá sér skýrslu með þremur hugmyndir af breytingum sem kynntar voru á fundi, annars vegar í leikskóla og hins vegar í grunnskóla. Nýtt skipurit Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar var samþykkt í sveitarstjórn og tekur gildi 1. ágúst 2017.

Samræmd könnunarpróf í 4., 7., 9. og 10. bekk.

7 Nám og kennsla

Í þessum kafla er farið yfir fjölda barna, nám og kennslu í gegnum skýrslur og helstu daga og viðburði á árinu.

7.1 Fjöldi barna í Heiðarskóla

Í Heiðarskóla voru nemendur í upphafi skólaár 97 og 95 í lokin.

1. bekkur og 2. bekkur 17 nemendur. Umsjónarkennari: Katrín Rós Sigvaldadóttir
3. bekkur og 4. bekkur 21 nemandi. Umsjónarkennarar: Arna Kristín Sigurðardóttir og Jónella Sigurjónsdóttir
5. - 7. bekkur 27 nemendur. Umsjónarkennarar: Einar Sigurðsson og Helga Harðardóttir
8. - 10. bekkur 31 nemandi. Umsjónarkennarar: Sigurður Tómasson og Örn Arnarson

7.2 Fjöldi barna í Skýjaborg

Í Skýjaborg voru börnin í upphafi skólaárs 39 en 41 í lokin. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá hvernig staðan var í lok skólaárs á milli árganga.

Dropinn: 15-16 börn á aldrinum 1-3 ára. Deildarstjóri Guðmunda Júlía Valdimarsdóttir.

Regnboginn: 23-26 börn á aldrinum 3-6 ára. Deildarstjóri Sigurbjörg Friðriksdóttir.

Árgangur	Alls
2011	10
2012	7
2013	7
2014	10
2015	7

Leikskólinn er opinn frá kl. 7:30 – kl. 17:00. Foreldrar geta valið um að hefja dvöl barnanna milli kl. 7:30 – 9:00. Leikskólinn er gjaldfrjálss milli kl. 9:00 og 14:00. Meðaldvalartími barna í leikskólanum var 8,08 klst. daglega í upphafi skólaárs en 7,78 í lok skólaárs. Eitt barn var á biðlista allan veturinn, en það barn náði 18 mánaða aldri í mars á skólaárinu.

7.3 Teymiskennsla í Heiðarskóla

Teymiskennsla í skólanum einkennist fyrst og fremst af samvinnu um nám og kennslu nemenda. Kennarar telja að í samræðu um nám og kennslu komi fram fleiri hugmyndir, skoðanir og möguleikar á lausnum, sé unnið í teyimum. Kostir teymiskennslunnar liggja í samstarfinu þar sem styrkleikar hvers og eins fá að njóta sín.

Teymiskennsla er langvarandi og skuldbindandi samvinna þar sem hópur af kennurum ber sameiginlega ábyrgð og vinnur sameiginlega út frá skilgreindum námsmarkmiðum og kennsluaðferðum. Lögð er áhersla á nemendur, nám þeirra og þroska auk þess sem reynt er að byggja upp og þróa innbyrðis samskipti og tengsl teymisins. Til að hægt sé að tala um virkt kennarateymi má segja að undirstaðan liggi í sameiginlegri ábyrgð þeirra á nemendum sem felist í því að kennarar kenna öllum nemendum á einhverjum tímapunkti og læra þannig að þekkja nemendur.

Teymiskennsla gefur kennurum tækifæri til að vinna saman að verkefnum í daglegu starfi og er ein leið til að ná betri árangri. Þegar fleiri koma saman verða til fleiri hugmyndir. Fagleg teymi gefa kennurum tækifæri til að þróa og læra í starfi, þau skapa námsumhverfi og nýjar bjargir, umræðu um kennslu og nám þar sem notaðar eru aðferðir starfendarannsókna. Slík teymi nálgast kennsluna á nýjan hátt, þar sem farið er dýpra í kennsluaðferðir og nám nemenda út frá þörfum þeirra. Kennarar í teymunum þurfa að setja sér skýr markmið hvað varðar kennslu og nám og hvernig þau geti bætt starf sitt.

Drög að starfslýsingu / verkefnum teymisins eru m.a. að:

Skipulag:

- að gera starfsáætlun – útlista starfslýsingu / verkefni teymisins
- halda reglulega samráðs- / skipulagsfundi innan teymis og aðra hlutaðeigandi aðila innan og utan skóla
- vinna náið saman, skipti verkum á milli sín, bera sameiginlega ábyrgð
- bera sameiginlega ábyrgð á nemendum teymisins
- búa til þriggja ára áætlun í námsgreinum, tryggja nám og kennslu í öllum greinum innan málaflokks t.d. eins og samfélagsfræði – samfella og samþætting.

Upplýsingaflæði:

- tryggja gott upplýsingaflæði og skráningu upplýsinga, nýta mentor, setja upp náms- og kennsluáætlanir þar, skrá viðveru og dagbókarfærslur og senda út fréttabréf í lok hverrar viku á foreldra.
- eiga góð og upplýsandi samskipti við foreldra, skipulag og verkaskipting innan teymis

Nám og kennsla:

- ná hæfniviðmiðum aðalnámskrár, skýr og nákvæm markmiðasetning
- ná markmiðum skólans í málaflokkum eins og umhverfismennt, tæknipróun, námstækni og uppeldi til ábyrgðar. Útfæra markmið, tryggja framkvæmd og eftirfylgni – námsmat.
- bjóða upp á fjölbreytta og áhugaverða kennsluhætti
- höfða til áhugasviðs nemenda – áhugasviðsval
- Huga að grunnþáttum menntunar samkvæmt úrfæslu og leiðum skólanámskrár skólans.
- Vinna með gildi skólans, gera þau sýnileg í starfi skólans og nemendur meðvitaða um inntak og merkingu þeirra.
- Undirbúa nemendur fyrir samræmd próf, greina niðurstöður prófanna og setja mál í farveg ef bregðast þarf við frávikum.

Námsmat:

- vinna að markmiðasetningu með nemendum, eiga samtalið, ræða framvindu, endurskoða og setja ný markmið. Upplýsa foreldra um framvindu mála.
- Setja upp og fylgja eftir frammistöðumati nemenda

- bjóða upp á fjölbreytt og raunhæft námsmat sem tekur mið af hæfniviðmiðum aðalnámskrár, lykilhæfni og stefnu skólans
- útfærsla námsmats t.d. ferlilmappa / rafræn eða ekki
- skilgreina hlutverk og markmið hvers og eins, verklagsreglur – forysta og ábyrgð
- búa til samskipta- og bekkjarreglur
- mitt og þitt hlutverk
- Meta eigin náms- og kennsluáætlun í mentor, framvindu hennar í heild og útfrá einstökum nemendum – er verið að ná settum markmiðum – bregðast við ef svo er ekki.
- halda fundargerðir – aðgengilegar öðrum kennurum

7.4 Sameiginlegar skýrslur 2016-2017

Sameiginlegar skýrslur frá starfsfólki Leik- og grunnskóla koma hér undir. Í ár er það ein skýrsla.

7.4.1 Skýrsla sérkennara

Einn sérkennari er í 100% starfi við bæði skólastigin ásamt grunnskólakennara sem hóf störf við grunnskólasvið sl. haust í 50% starfi við sérkennslu í 3-4 bekk og 50% starfi sem umsjónarkennari í 3-4 bekk. Sérkennarinn skiptir hlutfalli á vinnu sinni þannig er 4 daga innan grunnskólans og 1 dag í viku í leikskólanum. En viðkomandi hefur umsjón með sérkennslu og skipuleggur sérkennslu við nemendur að hluta til ásamt stjórnendum skólans. Jafnframt því að halda utan um trúnaðargögn er varða nemendur og leggja fyrir ýmis próf og skimanir ásamt úrvinnslu úr þeim eftir þörfum. Sérkennari sækir einnig um stuðningsúrræði/undanþágur fyrir nemendur í samræmdum prófum í samvinnu við skólastjórnendur, umsjónarkennara og foreldra.

Tveir stuðningsfulltrúar störfuðu við skólann sl. skólaár í 160% stöðugildi sem stuðningur við nemendur á yngsta stigi. Það eru aðallega fjórir hópar sem beðið er um stuðning og sérkennslu fyrir: Nemendur með skilgreindar fatlanir, nemendur sem ná ekki aldurstengdum viðmiðum í lestri og stærðfræði, tvítyngda nemendur og nemendur sem eiga við hegðunarraskanir að stríða. Sérkennsla/stuðningur við nemendur innan skólans hefur verið með svipuðu móti sl. skólaár líkt og undanfarin ár, utan þess að ekki var starfandi þroskaþjálfari sl. vetur við skólann.

Leikskólasvið:

Í vetur hefur sérkennarinn farið 1 dag í viku í leikskólann líkt og verið hefur undanfarin ár og verið 6,5. klst í senn samtals 7. kst. Heildarfjöldi barna sem sérkennari hafði samstarf um voru 10 börn. En í sérkennslu hjá sérkennara voru 6 börn. Starf sérkennarans fólst aðallega í að annast athuganir/próf, gera einstaklingsáætlanir og fylgja eftir þjálfun /kennslu hjá þeim sem þurftu þess með ásamt ráðgjöf/samstarfi við starfsmenn leikskólans og samstarfi við foreldra/forráðamenn. Unnið var að mestu með málörvun, auka orðaforða og fleiri þætti er geta örvað þroska barnanna. Jafnframt var unnið með framburð ofl. eftir ráðleggingum frá talmeinafræðingi. Margvíslegum aðferðum er beitt við þjálfun og kennslu þar sem um fjölbreyttan hóp og misjafnar þarfir er að ræða hjá nemendum má þar nefna, aðferðir atferlisþjálfunar, hreyfiþjálfun, TEACCH. ofl.

Helstu skimanir

- Hljóm-2 er mælir hljóðkerfisvitund og er tekið hjá börnum sem eru í elsta árgangi leikskólans.

- Íslenski þroskalistinn.
- TRAS.
- AEPS.
- ABLLS-R.
- Told-2P.
- Ásamt óstöðluðum matstækjum og óformlegum athugunum (áhorf og viðtöl) til að meta stöðu og framfarir barnanna.

Grunnskólasvið:

Nemendur í sérkennslu eru valdir samkvæmt umsóknum/umsögnum umsjónarkennara að vori eða í upphafi skólaárs. Einnig ef sérstakar beiðnir koma frá umsjónarkennurum yfir veturinn, ásamt niðurstöðum eftir skimanir og próf sem gerð eru yfir skólaárið.

Heildarfjöldi nemenda sem fengu sérkennslu í vetur innan Heiðarskóla hjá sérkennara voru 19 nemendur. En sérkennarinn kom að málum 24 nemenda grunnskólans á skólaárinu með mismunandi hætti.

Fyrst og fremst hefur meginþungi í starfi sérkennarans í vetur verið við nemendur með skilgreindar fatlanir, einnig vegna nemenda með lestrar- og stærðfræðierfiðleika, stuðning/ráðgjöf við stuðningsfulltrúa, efla og ýta undir vinnusjálftæði nemenda á unglingastigi ásamt greiningu á námsstöðu nemenda á öllum skólastigum. Einnig eru reglulegir teymisfundir haldnir vegna ákveðinna nemenda. Jafnframt fer talsverður tími í samtal/samstarf við aðra sérfræðinga skólans og skilafundi eftir að greiningu er lokið.

Í yngri bekkjum fer sérkennslan fram ýmist inni í bekkjum eða utan bekkjar í litlum hópum eða einstaklingslega. Allt fer þetta eftir eðli námsvandans hverju sinni og hvað talið er að nýtist nemandanum sem best.

Í fyrsta bekk og öðrum bekk: Aðkoma sérkennara var nokkur inn í bekkinn. Naut bekkurinn aðstoðar sérkennara í samtals 5 kennslustundir á viku. Sérkennslutímarnir nýttust að mestu leyti fjórum nemendum og var þá unnið einstaklingslega eða í litlum hóp. Megináhersla var á vinnu með úthald og einbeitingu til vinnu, stafainnlögn, tengingu hljóða, orðaforða, einnig þjálfar lestrarfærni og lesskilning. Ásamt ráðgjöf og eftirfylgd/samstarfi við stuðningsfulltrúa er vinna við stuðning við nemendur.

Í þriðja og fjórða bekk: Var samkennsla og bekkurinn naut aðstoðar sérkennara í samtals 7 kennslustundir á viku. Sérkennslutímarnir nýttust aðallega 2 nemendum. Megináhersla var á að þjálfar lestrarfærni og lesskilning. Umsjónarkennarinn í 50% sérkennslu sá einnig um kennslu alls 3-4 nemenda.

Í fimmta til sjöunda bekk: Var samkennsla og bekkurinn naut aðstoðar sérkennara í samtals 5-6 kennslustundir á viku. Sérkennslutímarnir nýttust aðallega 2-5 nemendum. Megináhersla var lögð á lestur og lesskilning hjá nemendum. Einnig sáu umsjónarkennarar um stuðning/sérkennslu við ákveðna nemendur.

Í áttunda til tíunda bekk: Var samkennsla og sáu kennarar á unglingastigi að mestu um stuðning/sérkennslu innan unglingadeildar. Bekkurinn naut aðstoðar sérkennara í samtals 2 kennslustundir á viku. Sérkennslutímarnir nýttust 2 nemendum hjá sérkennara. Megináhersla var lögð

á aðstoð við heimaskil á verkefnum í stærðfræði, fyrst gerirðu þetta og síðan gerirðu.... Ásamt því að reyna að efla og ýta undir áhuga og vinnusjálfstæði nemenda.

Sérfræðiþjónusta

Birgir Guðmundsson sálfræðingur starfar við bæði skólastigin og kom hann u.þ.b. hálfsmánaðarlega í skólann og sinnti greiningum á námsörðugleikum ásamt ráðgjöf, viðtölum við foreldra/forráðamenn, nemendur og kennara skólans. Sálfræðingur kom að málefnum alls 20 barna á skólaárinu. Gott samstarf var við aðrar þjónustustofnanir er skólinn starfar náið með þ.e. Félagsþjónustu Hvalfjarðarsveitar ásamt samstarfi við sérfræðiteymi Akraneskaupsstaðar þ.e. iðjuþjálfar er kemur í leikskólann og ráðgjafarproskapþjálfar sem kemur bæði í leik- og grunnskólann eftir samkomulagi. Einnig var veitt sérfræðiráðgjöf og eftirfylgd frá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Einnig fengum við Signýju Einarsdóttur talmeinafræðing til okkar, en hún kom tvisvar yfir mánuðinn þennan veturinn og skipti þeim tíma milli beggja skólastigana.

Helstu skimanir

- Tove Krogh- teiknikönnun 1. bekk
- Læsi- Lestrarskimun fyrir 1. bekk. Alls 3. sinnum yfir skólaárið.
- Læsi –Lestrarskimun x2 og Lesmál fyrir 2. bekk .
- Orðarún 5-7 bekk x 2 á skólaárinu.
- GRP-14 lesskimun fyrir 9 bekk.
- Samræmd próf í 4. 7. og 9.-10. bekk.
- Skólafærni athugun (SFA).
- Told-2P
- LH 60 3 bekk.
- Logos lesgreining samkvæmt beiðni foreldra/kennara og niðurstaðna úr Logos-skimun.
- Talnalykill- skimun 3 bekk.
- Lesferill (staðlað próf frá Menntamálastofnun fyrir 1-10 bekk) lagt fyrir þrisvar yfir veturinn sept, jan, maí.

Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráðsfundir voru haldnir öllu jöfnu einu sinni í mánuði yfir skólaárið. Nemendaverndarráð starfar í samræmi við reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla, í því sátu skólastjórar beggja skólastiga, skólahjúkrunarfræðingur, skólasálfræðingur, félagsmálastjóri, sérkennari og náms- og starfsráðgjafi skólans. Skólastjóri hélt utan um fundina og leikskólastjóri sá oftast um að rita fundargerð.

Starfið framundan

Nú á vordögum er undirbúningur hafinn að nýju skólaári, þ.e. að undirbúa komu nýnema í haust, einnig er farið að huga að fyrirlögn samræmdra könnunarprófa sem haldin verða í haust hjá nemendum í fjórða, sjöunda og níunda bekk með því að sækja um stuðningsúrræði/ undanþágur fyrir nemendur sem þess þurfa í samræmi við 4. kafla í almenna hluta Aðalnámskrár grunnskóla (2011. bls 40).

Á hverju vori sækja umsjónarkennarar yfirleitt um sérkennslu fyrir nemendur þar sem fram kemur rökstuðningur fyrir hverskonar þjónustu/kennslu þeir þurfi að fá. Þessar upplýsingar eru síðan notaðar til að skipuleggja sérkennslu og stuðning fyrir þá nemendur er þess þurfa. Eftir að farið var út í teymiskennslu hefur orðið léttara að flétta sem mest allri sér- og stuðningskennslu inn í bekkjarstarfið á öllum stigum en öll einstaklingsmiðun er líklegri til að verða auðveldari með þessu fyrirkomulagi. Á miðstigi var það 5-7 bekkur sem var í samkennslu og þar voru 2-3 kennarar að mestu. Á unglingastigi, þ.e. 8-10 bekkur, voru saman í samkennslu og 3 kennarar. Yngsta stig var saman í teymi en fyrirkomulag samkennslunnar var þannig að samkennsla var hjá 1-2 bekk með 1 kennara og samkennsla hjá 3-4 bekk og 2 kennara.

Aðkoma sérkennara verður líkast til með svipuðum hætti og undanfarin ár að sinna lestrar- og stærðfræðiörðugleikum og þá að mestu leyti við yngsta stig, Stafa- og lestrarpróf verða tekin strax í upphafi skólaárs hjá 1 og 2 bekk og fá þá nemendur lestrarbækur við hæfi eftir því. Nemendum er síðan ráðað í sérkennslu/málörvunarhópa eftir niðurstöðum úr þeim og Hljóm -2 prófi. Fundur er síðan haldinn stuttu eftir skólabyrjun fyrir foreldra/forráðamenn og þeim gerð grein fyrir hvernig lestrarnám fari fram og hvaða væntingar séu gerðar til þeirra við þjálfun barna sinna í lestri. Jafnframt mun sérkennari sinna auknum stuðningi við nemendur með fötlun og sértæka námserfiðleika. Ásamt því að leggja fyrir próf og aðrar kannanir/ skimanir er við skólann eru gerðar á skólaárinu.

7.5 Skýrslur Heiðarskóla 2016 – 2017

Skólastjóri óskar eftir skýrslum/samantekt frá hverju teymi fyrir sig, náms- og starfsráðgjafa, starfsfólki á bókasafni, í tómstund, tölvuumsjónarmanni og húsverði. Stefnt er að því að óska eftir skýrslu frá matráðum á komandi skólaári.

7.5.1 Teymisskýrsla yngsta stig vorið 2017

Grunnupplýsingar:

- Hverjir eru í teyminu, með hvað margar kest?

Jónella -21 , Arna - 24, Katrín - 21, Sigríður Lára - 8. Samtals 2,8 stöðugildi.

- Hvað eru margir nemendur í teyminu?

Nemendur eru 38

Skipulag í teymi:

Hvernig var skipulagi hagað í teyminu? Segja frá og leggja mat á þættina, hvernig tókst til, vera gagnrýninin, koma með tillögur um betra verklag.

Reyndum að funda á mánudögum eftir hádegi, ef það tókst ekki reyndum við að finna annan dag, oftast á fimmtudögum. Á fundum skipulögðum við sameiginleg þemu og skiptum með okkur verkefnum.

Skipulag á þemum tókst vel. Því miður duttu fundir oft niður vegna anna, bæði vegna veikinda starfsmanna og annarra forfalla. Tillögur um að stundatafla verði þannig skipulögð að teymið fái „heilagan tíma“ í teymisfundi og ekki kallað í forföll t.d. í tómstund.

- Verkaskipting – fundargerðir - sameiginleg ábyrgð allra í teyminu – hvernig gekk samstarfið í teyminu?
Verkskipting, sjá hér fyrir ofan. Héldum enga fundargerð. Ábyrgð sameiginleg, enginn vék sér undan ábyrgð. Samstarfið gekk vel.
- Helstu verkefni – starfsáætlun – lotur – markmið, voru þau sett?
Skiptum þema niður í 9 lotur eftir mánuðum og settum með þeim markmið. Síðasta þemað féll niður vegna anna. Þemun voru: september - fjöll, október - dýr, nóvember – neysla og árshátíðarþema, desember -jól, janúar – íþróttir, febrúar – reikistjörnur, mars – landnám – apríl – náttúran.
- Kennsluhættir – fjölbreyttir kennsluhættir – lærdómsferli, var rætt um mismunandi kennsluhætti, hvað hentar, hvað virkar og hvað virkar ekki?
Fjölbreyttir kennsluhættir voru notaðir sem og mat og var það ákveðið að hafa tilbreytingu í þeim milli þema. Einnig var notað fjölbreytt mat og hópkipting. Stundum voru litlir hópar, stundum stórir, stundum var aldursblandað úr 1.-4. bekk og stundum voru 1. og 2. bekkur sér og 3.-4. bekkur sér.
- Upplýsingaflæði, hvernig og hvar var það?
Fór fram á fundum og í frímínútum. Gleymdum stundum að upplýsa alla um allt enda féllu teymisfundir allt of oft niður.
- Náms- og kennsluáætlanir – lágu þær fyrir, hvernig gekk að fylgja þeim eftir – hæfniviðmið aðalnámskrár, náðust þau?
Kennsluáætlanir lágu fyrir fyrir hvert þema og þeim fylgt eftir en tengdum ekki við hæfniviðmið aðalnámskrár.
- Lykilhæfni - hvernig birtist hún í skólastarfinu?
Lykilhæfni var metin bæði af kennurum og nemendum í frammistöðumati. Við fléttuðum lykilhæfni inn í alla kennslu og þykir okkur hafa tekist vel til. Lykilhæfnin er svo víðtæk t.d. notuðu hóparnir ýmsa miðla til að afla sér upplýsinga og til að kynna verkefni sín. Þau gerðu bæði jafningjamat og sjálfsmat. Samvinna og sjálfstæði í vinnu gekk mjög vel og þau fengu tækifæri til að tjá sig og ræða saman. Við gætum fléttað skapandi og gagnrýna hugsun betur inn í námið.
- Grunnþættir menntunar – hvernig birtast þeir?
Grunnþátturinn **sjálfbærni** birtist í vinnu í gegnum umhverfismennt og náttúrufræði sem tekið var fyrir í þemum.

Lýðræði og mannréttindi birtist t.d. í því að börnin fengu sjálf að velja þemu og tekið var tillit til áhuga nemenda og ábyrgðar þeirra á eigin námi.

Jákvæð sjálfsmynd, hreyfing, næring, góð samskipti og hreinlæti eru þættir sem flokkast undir grunnþáttinn **heilbrigði og velferð** og unnum við með þá í vetur.

Skólastarf okkar á yngsta stigi snýst að miklu leiti um að efla **læsi** í víðum skilningi.

Sköpun var alltaf unnið með í öllum þeim, mætti kannski vera meiri í skólastarfi okkar almennt. T.d. mætti koma með meiri leik inn í kennsluna.

Jafnrétti birtist þannig að við reynum að jafna aðstöðu nemenda til náms, þar sem sumir eru tilbúnari en aðrir og nemendur komnir mislangt. Tókum fyrir Unicef og jólf í skókassa verkefni þar sem rætt var um jafnrétti, forréttindi og mismunun.

- **Stuðningur stjórnanda, endurgjöf, bjargir og ráðgjöf?**
Stuðningur stjórnanda hefur verið góður sem og endurgjöf, bjargir og ráðgjöf en mikið álag á stjórnanda hefur þó sett mark sitt á samskipti.
- **Einstaklingsmiðun – samstarf vegna sérkennslu?**
Með misþungum verkefnum í þeim og annarri kennslu reynum við að koma til móts við þessi börn og gengur það misvel. Samstarf vegna sérkennslu mætti auka.
- **Sérstaða / áhersla skólans – uppbygging – spjaldtölvur – umhverfismennt?**
Uppbygging – unnum bekkjarsáttmála, mitt og þitt hlutverk og þarfaplatta. Má vera meira áberandi í skólastarfinu og okkar eigin starfsháttum.

Spjaldtölvur – voru reglulega notaðar í þeim og 1 tíma á viku var föst kennsla.

Umhverfismennt – var unnið með t.d. í gengum þeim, erum dugleg að fara út og einnig dugleg að ræða málefni tengd náttúrunni og umhverfinu.

Lokaorð:

Koma með heildarmat á teymisstarfið í vetur, koma með tillögur til úrbóta, hvaða bjargir þið þurfið, hvaða fræðslu og stuðning þið þurfið, rýna líka inn á við – var eitthvað sem þið gátuð gert betur, hvað?

Teymisstarfið í vetur gekk á heildina litið vel, þurfum fastari fundartíma. Við viljum fá meiri fræðslu til þess að geta fléttað t.d. leik meira inn í kennsluna, okkur vantar góða fræðslu varðandi stærðfræði, okkur langar til þess að læra um Orð af orði.

Tillaga um að taka Byrjendalæsi í 1. og 2. bekk og Orð af orði (halda Byrjendalæsi að einhverju leyti inni) í 3. og 4. bekk. Huga þarf að þörfum 4. bekkjar, þau þurfa að fá að vera aðeins sér eins og 1. bekkur.

Skerpa á Uppbyggingarstefnunni.

7.5.2 Teymisskýrsla – miðstig 2017

Grunnupplýsingar:

Meðlimir: Einar Sigurðsson (26 kest), Helga Harðardóttir (12 kest) og Berglind Bergsdóttir (26 kest)

26 nemendur í 5.-7. bekk

Skipulag í teymi:

Hvernig var skipulagi hagað í teyminu?

Verkaskipting – fundargerðir - sameiginleg ábyrgð allra í teyminu – hvernig gekk samstarfið í teyminu?

- Við höfðum sameiginlega ábyrgð á nemendahópnum og skipulögðum kennslustundir í sameiningu. Að hluta til var námshópnum skipt eftir árgöngum, tungumálum, íslensku (að hluta) og náttúrufræði. Teymið hafði fundartíma á miðvikudögum sem nýttist gríðarlega vel.
- Fundargerðir – Fyrir fundi var umræðupunktum safnað á blað, sem voru svo útgangspunktur á samstarfsfundi á miðvikudögum.
- Hluti samráðstímans fór í umræður um félagsleg mál nemenda og samskipti þeirra á milli. Margar kennslustundir fóru einnig í þau mál.
- Í foreldraviðtölum var hópnum skipt upp milli umsjónarkennaranna.
- Hnökralaust samstarf var í teyminu. Samskiptin eru opin og öllum meðlimum teymisins finnst þeir geti sagt skoðun sína. Við höfum sameiginlega sýn á þarfir nemenda og leggjum öll mikla áherslu á vellíðan þeirra og góð samskipti þeirra í milli.

Helstu verkefni – starfsáætlun – lotur – markmið, voru þau sett

- Við höfum unnið fjölbreytt verkefni með nemendum, bæði bókleg og verkleg. Þau eru talin upp í skjalinu „*viðfangsefni námsgreina*“.
- Lögð var mikil áhersla á lestur og lásu nemendur í ca 20 mínútur í upphafi hvers dags. Heimalestur var 5 sinnum í viku og skil á föstudögum.
- Í öllum lotuverkefnum voru markmiðin útlistuð og til hvers væri ætlast í skilum verkefna.

Kennsluhættir – fjölbreyttir kennsluhættir – lærdómsferli, var rætt um mismunandi kennsluhætti, hvað hentar, hvað virkar og hvað virkar ekki

- Kennsluhættir hefðu mátt aðeins vera fjölbreyttari, en með meira samtali og eftir því sem við kynntumst betur í teyminu urðu þeir liprari.
- Við hefðum mátt vera duglegri í að skipta hópnum upp í minni hópa eftir aldri og getu.
- Sérkennslan mátti vera markvissari og slípa þarf samstarf við sérkennara.
- Lærdómsferlið fólst í reglulegum opinskáum samræðum um kennslustundir, kennsluhætti og nemendur. Þar ræddum við hvað var að virka.

Upplýsingaflæði, hvernig og hvar var það?

- Kennarar sendu upplýsingar um sérstaka viðburði og einnig á föstudögum með ýmsum upplýsingum um starf vikunnar og um framhaldið.
- Við stofnuðum facebook – hóp sem er nokkuð virkur.

Náms- og kennsluáætlanir – lágu þær fyrir, hvernig gekk að fylgja þeim eftir – hæfniviðmið aðalnámskrár, náðust þau?

- Náms og kennsluáætlanir lágu fyrir í íslensku, stærðfræði, þemum (náttúrugreinum og samfélagsgreinum), en í tungumálum var áætlunin helst til of námsbókamiðuð, þó sveigt hafi verið á milli verkefna (munnlegra og verklegra).
- Metanleg hæfniviðmið eru nú tilbúin í öllum greinum fyrir haustið. Vinnan mun reynast okkur vel fyrir n.k. vetur, búin að rýna vel í markmiðin og kominn góður grunnur.

Einstaklingsmiðun – samstarf vegna sérkennslu

- Námið var að stórum hluta einstaklingsmiðað og kennsla fór mikið fram 1:1. Aðlagð námsefni var fyrir alla þá sem þurftu. Áætlanir stytta og sveigðar á alla kanta.
- Samstarf vegna sérkennslu var ábótavant og ómarkvisst. Í nemendahópnum var fjöldi nemenda með sérþarfir sem þurftu á aðstoð að halda, sú aðstoð var ómarkviss og sneri eingöngu að lestrarfærni.

Sérstaða / áhersla skólans – uppbygging – spjaldtölvur – umhverfismennt

- Spjaldtölvur voru töluvert mikið notaðar í vetur við ýmis verkefni. Spjaldtölvur fóru ekki heim í vetur nema þegar að nemendur þurftu að vinna sérstök verkefni. Það átti reyndar aðeins við um 5. bekk þennan veturinn því aðrir nemendur tóku spjaldtölvur ekki heim. Það má bæta fyrir næsta vetur.
- Uppbyggingarstefnan var höfð að leiðarljósi í samskiptum við nemendur. Unnið var að gerð bekkjarsáttmála, farið í mitt og þitt hlutverk, hvað er góður bekkjarsélagi, hvað er góður vinur og fleira.
- Útikennsla var sinnt markvisst í vetur á meðan veður leyfði. Ekki voru þó fastir tímar í stundatöflu en nemendur fóru í hreyfistundir að jafnaði einu sinni í viku. Auk þess tókum við þátt í fjölda verkefna í umhverfismennt á vegum skólans.

Lykilhæfni og grunnþættir menntunar

- Voru ekki bundnir við ákveðnar námsgreinar.
- voru frekar með óformlegum hætti en formlegum.
- Kynjafundir voru t.d. vettvangur fyrir þessa þætti.

Stuðningur stjórnanda, endurgjöf, bjargir og ráðgjöf.

- Stuðningur stjórnanda var meiri en áður hefur tíðkast. Við vorum meðvituð um að við hefðum bakland til að leita til. Fundum fyrir því að stjórnandi léti sig kennsluna varða með heimsóknum ofl. Mikill stuðningur í foreldra/nemendamálum.

Lokaorð:

Í heildina hefur samstarfið gengið vel og við erum mjög sátt með veturinn. Við höfum lært mjög mikið hvert af öðru og styrkt okkur sem kennara. Við nálguðumst veturinn á þann hátt að við ætluðum ekki að skipta námsgreinunum upp og skipta þannig ábyrgðinni á milli okkar heldur tækla vandamálin í sameiningu. Sú ákvörðun gerði það að verkum að við urðum að vinna hlutina saman og komast að sameiginlegri niðurstöðu um málefnið.

Við fundum fyrir því í vetur að það er nauðsynlegt að hafa þriðja umsjónarkennarann á miðstigi, bæði vegna foreldrasamskipta og samsetningar nemendahópsins.

7.5.3 Teymi unglingadeildar skólaárið 2016 – 2017

Grunnupplýsingar

Teymið

Hrafnhildur Ýr: 26 kest., Sigurður: 20,5 kest., Örn: 26 kest. (þar af 4 í íþróttum).

Nemendur

30 nemendur hófu nám í unglingadeildinni síðasta haust en einn nemandi bættist við á vorönn. Fjórir tvítyngdir nemendur frá þremur mismunandi löndum og níu nemendur með greiningar. Einn nemandi í 9. bekk útskrifaðist úr ensku núna í vor. Sex nemendur í 10. bekk stunduðu nám í ensku á framhaldsskólastigi báðar annir, einn nemandi í 9. bekk stundaði nám á framhaldsskólastigi í dönsku og einn nemandi í 10. bekk stundaði nám í stærðfræði á framhaldsskólastigi á haustönn. Nemendur settu sér markmið í einstaklingsviðtölum sem fóru fram á haustdögum.

Verkaskipting

Verkaskipting var svipuð og á síðasta skólaári, nema að því leyti að Hrafnhildur var ekki umsjónarkennari og sinnti því ekki slíkum skyldum. Við teljum ljóst af reynslunni að þetta fyrirkomulag sé ekki hentugt, þar sem ábyrgðin hvílir jafnt á herðum allra í teyminu.

Umsjón og ábyrgð á fögum var skipt í megindráttum svona:

Hrafnhildur: Íslenska, danska í 9. bekk og náttúrufræði í 8. bekk.

Sigurður: Samfélagsfræði, danska í 8. bekk og náttúrufræði í 9. bekk

Örn: Enska, stærðfræði, danska í 10. bekk og náttúrufræði í 10. Bekk.

Öðrum verkefnum var deilt og í fullu samstarfi og vorum við mjög sátt við teymið og okkar vinnu. Skipting í náttúrufræði og dönsku reyndist vel. Við höfum skólaárið í þessum fögum með svipuðu sniði og á fyrra skólaári en breyttum því fljótt til betri vegar. Þó bendum við á að dönskukennslan gekk ekki sem skyldi eins og við bendum á annars staðar í þessari skýrslu.

Skipulag kennslu; stundaskrá, kennslurými o.fl.

Það var ákveðið í upphafi að líta á heildina sem einn bekk en ekki þrjá, skipta eftir árgangi. Hins vegar voru nemendur í ákveðnum hópum eftir námsefni en þeir hópar voru breytilegir eftir fögum. Eins og áður hefur komið fram breyttist skipulagið fljótt í ákveðnum fögum, þar sem hópnum var skipt eftir bekkjum í dönsku og náttúrufræði. Hver bekkur fékk að auki 1 íslenskutíma í viku með kennara.

Kennslurými

Þrjár kennslustofur voru til umráða líkt og áður. Botnsskáli var hugsaður fyrir þá sem vildu vinna saman og þar mátti vera kliður og samvinna, Ferstikluskáli var fyrir þá sem vildu meira næði og vinna einir, Bláskeggur var svo fyrir þá sem þurftu enn meira næði. Reynslan varð þó sú að bæði stærri rýmin urðu eins og tekin var ákvörðun um að stýra mjög aðgengi að Bláskegg þar sem sumir nemendur virtust ekki ráða við að vera þar einir.

Stundaskrá

Stundaskráin var í fastari skorðum en á síðasta skólaári og breyttist lítið milli tímabila. Inn í stundaskrá voru svokallaðir vinnutímar, þar sem nemendur réðu í hvaða fagi þeir unnu. Þetta gafst afar vel og voru þessir tímar vel nýttir.

Skólaárinu var skipt upp í átta námslotur sem hétu eftir stjörnumerkjunum. Í upphafi hverrar námslotu fengu nemendur afhentan gátlista sem innihélt öll skilaverkefni og áætlanir sem nemendur áttu að uppfylla í þeirri námslotu. Þegar nemandi lauk við verkefni á þessum lista bar þeim að fá kvittun

kennara því til staðfestingar. Foreldrar voru hvattir til að fylgjast með framvindu náms barna sinna með því að skoða þessa lista reglulega. Með þessu fyrirkomulagi og lotuskiptingu í námsgreinum gátu nemendur haft mikla stjórn á námsyfirferð og hraða. Þetta reyndist þó sumum nemendum í 8. bekk erfitt í fyrstu og úr því var bætt með nánari útlistingu og áætlunum.

Upplýsingamiðlun

Við notuðum mentor, tölvupóst og Facebook til þess að koma skilaboðum, fréttum og tilkynningum áleiðis til foreldra og nemenda. Til að byrja með sendum við tölvupóst vikulega en fannst það óþarfi og sendum eftir þörfum. Umsjónarkennarar sáu um upplýsingaflæðið, sömdu vikupósta saman og sumar tilkynningar en annað eftir þörfum hvers og eins en allir teymismeðlimir voru meðvitaðir um hverju hinir voru að miðla.

Lesið og kennt

Íslenska

Kveikjur, Neistar og Logar. Skerpa 1 - 3. Smásagnasmáræði. Ýmis ljósrít. Kjörbókaritgerð og heimildaritgerð. Málshættir.

Stærðfræði

Lotukerfi fyrir 10. Bekk, 1 nemandi í lotukerfi fyrir 9. bekk, nýtt lotukerfi byggt á Skala 1A og 1B hjá 8. Bekk, auk þess var ákveðinn hópur nemenda í 9.-10. Bekk í Skala 1B og 2A. Þrír nemendur í 8. Bekk voru með aðlagð námsefni sem miðast við hæfni miðstigs.

Samfélagsfræði

Sögueyjan 3

Enska

Áfangakerfi á Moodle.

Danska

Smart í 8. bekk, Smil í 9. bekk, Ekko í 10. bekk. Duolingo

Náttúrufræði

Maður og náttúra í 8. bekk, Mannslíkaminn í 9. bekk, Eðlisfræði 1 og Efnisheimurinn í 10. bekk.

Sérstaða skólans

Uppbygging

Bekkjarsáttmálinn var byggður á gildum skólans.

Spjaldtölvur

Mikið notaðar í unglingadeild í öllu okkar starfi.

Umhverfismennt

Sinnt eftir bestu getur en það má alltaf gera betur.

Ferðir

Haustferð

Að þessu sinni var gengið úr Hvalfjarðarbotni yfir í Skorradal eftir Síldarmannagötum og gist þar eina nótt. Veðrið var frábært og ferðin sóttist vel. Að þessu sinni tók rúta á móti okkur við Fitjar sem var gott. Þegar komið var í Skorradal komum við okkur fyrir og Grillmaster 2000 kom og grillaði dýrindis lambakjöt. Krakkarnir léku svo lausum hala, sumir fóru í vatnið á meðan aðrir kúrðu inni og að lokum var farið í spurningakeppni. Daginn eftir var morgunmatur og frágangur og svo heimferð í rútu. Allir kennarar teymisins fóru í þessa ferð sem við teljum nauðsynlegt.

Lokaferð 8. bekkjar

Við fórum í keilu, út að borða og í bíó í Egilshöllinni.

Lokaferð 9.-10. bekkjar

15.-19. maí fóru nemendur 9. og 10. bekkur til Englands í ferð sem skipulögð var af Oddfríði Kristínu Wallis. Gist var eina nótt í Wilderness wood þar sem þau fengu útikennslu í tvo daga. Eftir það var farið til Brighton og þar höfðu þau bækistöðvar restina af ferðinni. Á fimmtudegi var farið í Chessington World of Adventure og föstudeginum var eytt í Arundel Castle. Örn fór með sem fararstjóri, auk Sigrúnar Mjallar Stefánsdóttur, móður eins nemanda. Foreldrar sáu alfarið um fjáröflun fyrir ferðina. Hún var frábær og óhætt að mæla með að nota sama prógramm aftur síðar, verði farið í svipaða ferð eftir 2 ár.

Viðburðir

Haustgleði

22. september héldum við svokallaða Haustgleði og var hún hugsuð til að bjóða nemendur í 8. bekk velkomna í unglingadeildina og var þeim gefin rós (má hafa það í huga að gefa líka nýjum nemendum rós þó þeir séu ekki í 8. bekk). Það var haldin keppni í anda Minute to win it sem við kölluðum Smápraustaleikana og svo var félagsrýminu breytt í dansstað. Haustgleðin heppnaðist vel og var mikil ánægja með hana.

Þorrinn

Spurningakeppni sem haldin var á Þorranum í unglingadeildinni, liðin voru blönduð og spurningar úr ýmsum áttum, ásamt látbragðsleik. Þetta er annað árið sem þessi keppni er haldin og þar með orðin að hefð.

Árshátíð skólans

Nemendur á unglingastigi og miðstigi sjá um skemmtiatriði á árshátíð skólans. Að þessu sinni var ákveðið að hafa þetta alveg skipt líkt og árið áður, unglingastigið var með sitt atriði og miðstigið sitt. Það kom vel út og mælumst við til þess að þetta fyrirkomulag verði áfram. Unglingarnir voru með leikþátt byggðan á lögum úr söngleiknum Mamma Mia. Undirbúningur og æfingar hófust ca. 3 vikum fyrir sýningu og var það passlegur tími. Þátttaka nemenda var með eindæmum góð og afraksturinn frábær.

Árshátíð unglingadeildar

Framkvæmd alfarið í höndum nemenda 10. bekkjar. Það mátti hafa með sér gest/i ef vildi, hámark tveir gestir á hvern nemanda. Það voru pantaðar pizzur (of fáar, 12 pizzur á 36 manns er of lítið). Árshátíðin byrjaði kl. 20 og lauk kl. 23. Haldin var kosning um ýmsa titla: herra og ungfrú Heiðarskóli, engillinn, módelið, samlokan, trúðurinn og sveitalubbinn. Við notuðum eingöngu salinn og neðri hæðina, það var myndaveggur í náttúrufræðistofunni og ball í salnum. Það var almenn ánægja með árshátíðina og þess má geta að nú þegar hafa verðandi nemendur 10. bekkjar fundað til undirbúnings fyrir árshátíðina 2018.

Jólsen - jólsen mótið:

Allir nemendur unglingadeildar tóku þátt í Jólsen – jólsen (ólsen – ólsen) sem haldið var daginn fyrir litlu jólin.

Kökudagar:

Með reglulegu millibili í vetur voru haldnir svokallaðir kökudagar, en nemendur skiptust á að koma með bakkelsi fyrir þá. Fyrir næsta vetur viljum við skipuleggja strax í upphafi, bæði dagsetningar og hver á að koma með kökur hvern dag.

Boð á kvikmynd:

Nemendum í 9. og 10. bekk var boðið á sýningu á myndinni Eiðurinn eftir Baltasar Kormák í Bíóhöllinni á Akranesi.

Fyrirlestrar og heimsóknir

Gerður Kristný

Heimsótti okkur, las upp úr bókum sínum og ræddi við nemendur um rithöfundastarfið og ritlist.

Niðurstöður

Það sem gekk vel og ætti að halda:

- Vinnutímar
- Verkefnaskil á Showbie
- Gátlistar

- Nemendaviðtöl
- Manntal í upphafi dags
- Bekkjaskipting í náttúrufræði og dönsku
- Stýrðari yfirferð í stærðfræði sem hófst hjá 8. bekk

Það sem má bæta:

- Eftirfylgni með gátlistum. Láta skila þeim inn í lok tímabils áður en nýr er afhentur og leggja meiri áherslu á að þau fái kvittun fyrir skiluðum verkefnum. Færa gátlistana inn í gagnagrunn svo heildaryfirsýn um hvern nemanda fáist.
- Öll verkefni á Showbie. Að fá nemendur til að setja afrit af öllum verkefnum inn á Showbie, þó þeim sé skilað á pappír, þá sem ljósmynd úr iPad
- Mentor. Að stofna öll verkefni sem lögð eru fyrir á Mentor og tengja við hæfniviðmið og matsviðmið þar sem við á. Meta öll verkefni þar.
- Danska. **Að sérstakur dönskukennari komi inn og kenni dönskuna. Við teljum það nauðsynlegt til að mæta þörfum nemenda, þannig að þau standi jafnfætis jafnöldrum sínum við útskrift úr grunnskóla. Við teljum fullreynt að hafa dönskukennsluna í Heiðarskóla á höndum vanhæfra kennara, sem ekki hafa góða færni í dönsku, geta ekki talað dönsku og hafa enga reynslu af dönskukennslu, sérstaklega vegna þess að lærður dönskukennari er starfandi við skólann. Þetta er sett hér inn meðal annars eftir ábendingar frá foreldrum.**
- Markmiðasetning. Fylgja betur eftir að nemendur séu að stefna að sínum markmiðum.
- Einstaklingsviðtöl. Að hafa fyrirfram tímasett tímabil þar sem einstaklingsviðtöl skuli fara fram að lágmarki og gefa okkur betri tíma til viðtala utan þess tíma. Þó teljum við að slakari árangur í viðtölum milli ára sé að hluta til vegna minnkaðs kennslumagns í unglingadeild og færri umsjónarkennarar.
- Showbie. Að allir kennarar teymisins séu með Pro aðgang að Showbie. Það að einungis einn kennari sé með slíkan aðgang reyndist ekki nóg, enda Showbie mikið notað.
- Enska Skipulagi enskukennslu verði breytt þannig að undir áfangakerfið falli eingöngu lestur og hlustun og að áfangarnir verði ekki línulegir, heldur geti nemendur valið sér viðfangsefni eftir þeimum. Tvisvar í hverri námslotu verði innlögð í ritun og ritunarverkefni og að 1 tími í viku verði skilgreindur málfræðitími. Málfræðinni myndu fylgja vendikennslumyndbönd, framleidd á staðnum.
- Innlagnir Að fjölga tímum þar sem ákveðnir nemendahópar koma saman með kennara og fá innlagnir, sérstaklega í íslensku og stærðfræði.

7.5.4 Teymisskýrsla List- og verkefnateymis vorið 2017

Grunnupplýsingar:

- *Hverjir eru í teyminu, með hvað margar kestar?*

Dóra Línal – tónmennt og valgreinar

Helena Bergstrom – myndmennt, smíði og valgreinar

Sigríður Björk Kristinsdóttir – heimilisfræði, textílmennt og valgreinar

- *Hvað eru margir nemendur í teyminu?*

Allir nemendur skólans.

Skipulag í teymi:

Hvernig var skipulagi hagað í teyminu? Segja frá og leggja mat á þættina, hvernig tókst til, vera gagnrýninin, koma með tillögur um betra verklag.

- *Verkaskipting – fundargerðir - sameiginleg ábyrgð allra í teyminu – hvernig gekk samstarfið í teyminu?*

Fundað var reglulega yfir skólaárið en þó ekki vikulega. Reynt var að hafa fundina eftir kennslu á fimmtudögum þar sem Dóra var þá að kenna í skólanum en einnig voru nokkrir fundir á þriðjudögum en þá án Dóru. Ekki var rituð nein fundargerð en fundirnir snérust aðallega að skipulagi valgreinakennslu þar sem ákveðin var verkefni valtimabilsins, skipting nemenda í hópa og lengd valtimabilsins. Einnig vorum við með fundi vegna námsmatsvinnu og fyrir námsmat nú fyrir lok skólaárs. Ábyrgð var sameiginleg. Samstarfið gekk vel en ekki gekk alltaf að finna fundartíma þar sem við gátum allar þrjár hist þar sem Dóra er stundarkennari og ekki með viðveruskyldu eftir kennslu. Björk og Helena funduðu oft og ræddu einnig starfið án þess að það væri á sérstökum fundartímum.

- *Helstu verkefni – starfsáætlun – lotur – markmið, voru þau sett?*

Sett var upp skipulag fyrir hvert valtimabil – þ.e. fyrir áramót og eftir áramót. Markmið voru sett fyrir hverja valgrein fyrir sig.

- *Kennsluhættir – fjölbreyttir kennsluhættir – lærdómsferli, var rætt um mismunandi kennsluhætti, hvað hentar, hvað virkar og hvað virkar ekki?*

Kennsluhættir í list- og verkgreinum eru alla jafna mjög fjölbreyttir. Ekki var rætt um þá sérstaklega nema þá helst ef einhver vandamál komu upp. Þá bárum við saman bækur okkar og fengum stuðning hvor frá annarri.

- *Upplýsingaflæði, hvernig og hvar var það?*

Upplýsingaflæði var nokkuð gott. Stofnað var sameiginlegt valgreinaskjal á onedrive sem hver og einn gat nálgast og breytt eftir þörfum.

- *Náms- og kennsluáætlanir – lágu þær fyrir, hvernig gekk að fylgja þeim eftir – hæfniviðmið aðalnámskrár, náðust þau?*

Náms- og kennsluáætlanir eru ekki eins í þeim fögum sem við kennum né hæfniviðmið aðalnámskrár. Þó bárum við þau saman og unnum saman námsmat vegna útskriftar 10. bekkjar.

- *Lykilhæfni - hvernig birtist hún í skólastarfinu?*

Í þeim verkefnum sem lögð voru fyrir nemendur í hverju fagi fyrir sig.

- *Grunnþættir menntunar – hvernig birtast þeir?*

Í þeim verkefnum sem unnin voru í hverju fagi fyrir sig.

- *Stuðningur stjórnanda, endurgjöf, bjargar og ráðgjöf?*

Stuðningur var góður ef við þurftum á honum að halda eða leituðum eftir honum.

- *Einstaklingsmiðun – samstarf vegna sérkennslu?*

Ekkert samstarf var vegna sérkennslu en verkefnin voru miðuð að getu barna með frávik – einfölduð og kröfur minnkaðar. Þá fengu bráðger börn einnig verkefni við hæfi.

- *Sérstaða / áherslan skólans – uppbygging – spjaldtölvur – umhverfismennt?*

Við tileinkum okkur aðferðir uppbyggingar í starfi okkar dags daglega. Spjaldtölvur voru mis mikið notaðar en þó eitthvað í öllum eða flestum greinum ef það var hægt að koma því við. Umhverfismennt einnig komið að þegar hægt var – mismunandi eftir fögum.

Lokaorð:

Koma með heildarmat á teymisstarfið í vetur, koma með tillögur til úrbóta, hvaða bjargir þið þurfið, hvaða fræðslu og stuðning þið þurfið, rýna líka inn á við – var eitthvað sem þið gátuð gert betur, hvað?

Sökum þess hvernig þessi fög eru kennd er ekki mikið hægt að vera með samstarf á milli greinanna en það væri þó mögulega hægt að finna einhver verkefni sem gæti verið hægt að vinna í samstarfi. Þá gerði það okkur erfiðara fyrir við skipulagningu funda að ein í teyminu var ekki með bundna viðveru eftir kennslu. Einnig að ekki var hægt að nýta eyður þar sem ekki var gert ráð fyrir því að við í teyminu værum á sama tíma í eyðum eins og gert var með önnur teymi. Athuga þarf vel með hópastærðir þar sem margir hópar voru of stórir. Verkgreinastofurnar eru sumar ekki gerðar fyrir fleirri en 6-8 nemendur og einnig er í sumum tilfellum illa hægt að sinna nemendum svo vel sé þegar hóparnir eru stórir. Í heimilisfræði er t.d. ekki æskilegt að vera með fleirri en 8-10 nemendur, í smíði er aðstaða fyrir 6-8, í myndmennt eru borð fyrir 10 nemendur og í textílmennnt er ekki æskilegt að vera með fleirri en 8 nemendur á yngsta- og miðstigi til að geta veitt þá aðstoð sem þarf. Þetta er eitthvað sem þarf að skoða vel á næsta skólaári og finna einhverja lausn á því þetta var mjög krefjandi í vetur.

Það væri gaman að fá að funda nokkrum sinnum á skólaárinu með list- og verkgreinakennurum á Akranesi til að bera saman bækur okkar og fá hugmyndir og reynslusögur. Við náðum ekki neinum svoleiðis fundi á þessu skólaári en viljum gjarnan bæta úr því á næsta ári.

7.5.5 Skýrsla náms- og starfsráðgjafa skólaárið 2016-2017

Katrín Rós Sigvaldadóttir.

Náms- og starfsráðgjafi í Heiðarskóla, skal gæta fyllsta trúnaðar varðandi upplýsingar um nemendur og samstarfsfólk. Þagnarskylda helst þó látið sé af störfum. Nemendur skólans skulu eiga greiðan aðgang að náms- og starfsráðgjafa.

Starf náms- og starfsráðgjafa skiptist í fjóra verkþætti.

1. Náms- og starfsfræðsla

Þetta skólaár hefur náms- og starfsráðgjafi veitt nemendum í 10. bekk fræðslu um ólík störf, hvað þau fela í sér og hvaða eiginleika og menntun þarf til að gegna þeim. Sömuleiðis hafa þau fengið kynningu á vinnumarkaði í gegnum starfskynningar sínar. 10. bekkur hefur einnig fengið framhaldsskólakynningar, áhugasviðsgreininu og stutta kynningu á námstækni.

2. Náms- og starfsráðgjöf

Náms- og starfsráðgjöf í Heiðarskóla skal miða að því marki, í samræmi við þroska og þarfir hvers og eins, að styðja nemendur á náms- og þroskaferli. Í ráðgjöf felst meðal annars að ýta undir hæfni á ýmsum sviðum. Nemendur á yngsta stigi hafa fengið þjálfun í félagsfærni í lífsleiknitímum, þar hefur verið farið í þætti eins og að þekkja og nýta eigin færni, efla hæfni í að stætja sér markmið og hæfni í almennum samskiptum.

Stúlkur í unglingadeild hafa fengið námskeið í sjálfstyrkingu þar hefur verið eflað hæfni þeirra til að hagnýta gildi sín og lífsviðhorf í krafti sjálfsþekkingar, hæfni til að velja og taka ákvarðanir samkvæmt eigin sannfæringu og áhuga, hæfni til að setja sér markmið, tímastjórnun og marka sér stefnu til lengri tíma.

Drengir í 8. bekk hafa fengið samskonar námskeið, ekki vanst tími til að veita drengjum í 9. og 10. bekk slíkt námskeið en úr því verður vonandi bætt á næsta skólaári.

Nemendur í unglingadeild og 7. bekkur fengu stutta kynningu á námstækni.

3. Persónuleg ráðgjöf fyrir einstaklinga og smærri hópa

Persónuleg ráðgjöf í Heiðarskóla miðar að því að styðja við þá nemendur sem hugsanlega þurfa nánari aðkomu en veitt er í almennri náms- og starfsráðgjöf og fræðslu. Sömuleiðis skal hún þjóna þeim tilgangi að taka á afmörkuðum aðstæðum sem upp kunna að koma í nemendahópnum. Náms- og starfsráðgjafi hefur veitt bæði persónulega- og hópráðgjöf varðandi almennan kvíða, eineltismál, samskipti og félagsfærni, námstækni og sjálfstyrkingu. Einnig tekið nýnemaviðtöl.

4. Samráð, ut anumhald og viðhald fagþekkingar

Samráð við aðra starfsmenn Heiðarskóla og viðhald fagþekkingar náms- og starfsráðgjafa skal miða að því að markmið áætlunarinnar nái fram að ganga og að gæði þjónustunnar verði sem mest. Náms- og starfsráðgjafi hefur setið í nemendarverndarráði, starfsmanna- og kennarafundi, sinnt endurmenntun, verið í samstarfi við aðra sérfræðinga, kynnt starf náms- og starfsráðgjafa og haft samráð við náms- og starfsráðgjafa í öðrum skólum.

Tillögur að breytingum fyrir næsta starfsár

Náms- og starfsráðgjafi myndi gjarnan vilja koma að lífsleiknikennslu á öllum stigum og væri þá tilvalið að nota hringekjutíma á stigunum. Einnig væri tilvalið að bjóða upp á val í unglingadeild með efni frá náms- og starfsráðgjafa t.d. námstækni, markmiðasetningu, sjálfsstyrkingu, núvitund, slökun, jóga ofl.

Það mætti virkja kennara betur í samstarfi við náms- og starfsráðgjafa.

7.5.6 Skýrsla frá starfsfólki í tómstund

Í tómstund störfuðu eftirfarandi almennir starfsmenn: Sigríður Vilhjálmsdóttir, Heiðís Helga Guðnadóttir, Kolbrún Sigurðardóttir, Bjarni Guðjónsson og Sólrún Jörgensdóttir. Vegna forfalla á vorönn komu Árdís Hauksdóttir, Sunneva Skúladóttir og Birgitta Guðnadóttir að einhverju leyti inn í starfið.

Skipulag

Tómstund var stafrækt mánudaga, fimmtudaga og föstudaga frá kl. 13:00 – 14:20 fyrir 37 börn í 1. – 4. bekk. Fjórir almennir starfsmenn skólans sáu um að vera með börnunum í tómstund, þrír á mánudögum og fjórir á fimmtudögum og föstudögum. Um nýbreytni var að ræða. Áhersla var lögð á að börnin fengju tækifæri til að vera saman í frjálsum leik og hreyfa sig. Skólastjóri fundaði óreglulega með starfsfólki í tómstund fyrir áramót en eftir áramót voru þessir fundir festir á þriggja vikna fresti.

Á mánudögum sáu þrír starfsmenn um tómstund og börnin hittu starfsfólkið í upphafi og fengu að vita hvað væri í boði. Ef veður var gott var gjarnað farið út með allan hópinn. Ef börnin voru inni var yfirleitt skipting í leikherbergi eða bókasafn, ýmist eftir bekkjum, kyni eða verkefnum. Ef veður leyfði þá var farið út í lokin. Ef veður var slæmt, skiptu hóparnir um stað innan dyra.

Á fimmtudögum og föstudögum sáu fjórir starfsmenn um tómstund, upphaflega var lagt upp með að tómstundastarfið yrði í Heiðarborg þessa daga til að koma til móts við hreyfiþörf barnanna. Einnig var lagt upp með að börnin gætu valið um íþróttasalinn eða sundlaugina, tveir starfsmenn á hvorum stað. Reynslan var sú að fáir völdu leiksund, þá kom fyrir að 2 starfsmenn voru með 4 nemendur í sundi og 2 með 33 nemendur í íþróttasalnum. Það gekk ekki vel. Þá var ákveðið að 1. og 2. bekkur færi í leiksund á fimmtudögum og 3. og 4. bekkur á föstudögum. Það fyrirkomulag reyndist börnunum erfitt í fyrstu en þegar líða tók á virtist ríkja sátt um þetta fyrirkomulag meðal barnanna. Leiksundstímarnir gengu mjög vel og börnin yfirleitt að njóta sín að mati starfsfólksins. Þeir sem ekki voru í sundi fóru þá gjarnan í leik í salnum, leik á ganginum eða úti. Þegar leið á veturinn minnkaði veran í íþróttasalnum og börnin voru ýmist á bókasafni, leikherbergi eða úti.

Helstu verkefni

Frjáls leikur, púðaleikur, lita, leira, búningar, kubbar, perla, lesa, leiksund, útileikir, gönguferð, íþróttasalurinn, einu sinni á skólaárinu var boðið upp á popp, djús og mynd. Þess má líka geta að verðlaust efni sem notað var í tómstund vakti miklar lukku í búðaleik, það er mjög í anda stefnu skólans í umhverfismennt.

Punktur fyrir næsta skólaár

- Börnin oft þreytt á föstudögum, starfsfólk í tómstund mælir með að börnin endi vikuna hjá umsjónarkennurunum.
- Nauðsynlegt að hafa fastan undirbúningstíma fyrir starfsfólk í tómstund.
- Mikið um förföll s.l. vetur, afleysingafólk að koma inn á síðustu stundu, fólk á hlaupum að undirbúa hvað yrði í boði í það og það skiptið – þarf að skipuleggja betur.
- Læstir skápar fyrir tómstund, kom fyrir að það sem var búið að undirbúa var horfið.
- Viðhorfskönnun – hvað finnst börnunum um tómstund?

Hugmyndir fyrir næsta vetur

Verkfæri og verkstæði, drillumall, búleikur, skeljar, tjald, vasaljós, pottar og pönnur, teppi og bækur, búa til háf, bát eða veiðarfæri, í uppbroti væri hægt að bjóða börnunum að koma með nesti í tómstund. Mælt með að skýlið á skólalóðinni verði nýtt fyrir efnivið í tómstund.

Mat á tómstund skólaárið 2016 – 2017

Heilt yfir gekk tómstund mjög vel þrátt fyrir að upp hafi komið erfiðleikar af og til, starfsfólk náði alltaf að leysa úr málum. Hlustað var á þarfir barnanna og reynt að koma til móts við þeirra langanir í hvert og eitt skipti. Í upphafi skólaársins voru börnin spurð hvað þau vildu gera í tómstund, reynt var að koma til móts við börnin eins og hægt var. Eitt og eitt barn fékk þó ekki sínar óskir uppfylltar en starfsfólk vill meina að komið hafi verið til móts við þarfir flestra. Það er upplifun starfsfólksins að börnin hafi heilt yfir notið sín í tómstund.

7.5.7 Skýrsla frá bókasafni Heiðarskóla

Almennar upplýsingar um starfsárið:

Á bókasafninu störfuðu undirrituð Jónella Sigurjónsdóttir og Jóhanna Sigríður Vilhjálmsdóttir.

Opnunartímar voru dag hvern frá kl. 8.20-9.00. Auk þess var opið í hádeginu fyrir 6.-10. bekk, frá kl. 12.40-13.00.

Kennslustundir á bókasafninu voru fjórar í viku, fyrir elsta árgang leikskólans og 1.-4. bekk í Heiðarskóla. Auk þess vann ég í þrjár klukkustundir á viku á safninu og Sigga vann í tvær klukkustundir á viku. Sigga var einnig með miðstigið á bókasafninu í tvo tíma á viku.

Starfsemi á safninu:

Opnunartímar voru sem fyrr segir fastir fimm klukkustundir á viku. Á morgnana var mest álag varðandi útlán og skil. Í hádeginu voru börnin meira að spila, lesa og spjalla. Ef veðrið var mjög gott var bókasafninu lokað í hádeginu og börnin hvött til að fara út.

Elsti árgangur leikskólans kom u.þ.b. einu sinni í viku í kennslustund á bókasafninu. Í þessum tímum var lesin fyrir þau bók og svo léku þau sér. Yngsta stig grunnskólans fékk einnig bókasafnstíma einu sinni í viku. Í þessum tímum var ýmist lesin fyrir þau bók eða stuttur kafli úr ýmsum bókum á safninu til þess að kynna þeim safnkostinn. Þau lásu sjálf og skoðuðu bækur. Einnig unnu þau í vinnubókum sem heita Mýsla sýslar á skólasafni og Meira sýslað á skólasafni.

Tómstund fór að einhverju leyti fram á safninu, sérstaklega eftir hádegi á mánudögum og föstudögum. Þá voru börnin á safninu í rólegum leikjum og spilum, lituðu myndir og teiknuðu.

Miðstignemendur áttu tíma á safninu en án kennara. Sigga Vill tók á móti þeim og nemendur lásu í upphafi tímans og fengu síðan að spila eða spjalla.

Til þess að auka áhuga nemenda á bókasafni skólans er reynt að breyta uppstillingum reglulega og þá gjarnan í tengslum við þemu. Þessi þemu eru yfirleitt valin í tengslum við það sem er að gerast í þjóðfélaginu.

- September: Furðulegir áfangastaðir í bókum. Unnið í tengslum við bókasafnsdaginn 8. september þar sem forskriftin var Lestur er bestur – út fyrir endimörk alheimsins.

- Október: Emoji – Tjákn. Bókum voru gefin tjákn eftir því hvernig börnunum fannst bókin. Unnið í tengslum við nýlegan Orðbragðspátt. Einnig voru bleikum bókum stillt upp í tengslum við bleikan október.
- Nóvember: Ekkert þema komst á laggirnar en unnið var að stofnun bókabloggs Heiðarskóla. Það voru ekki nægilegar undirtektir til þess að halda því úti en vonandi næst að koma því aftur á koppinn á næsta skólaári.
- Desember: Jólabókum var stillt upp. En aðalverkefnið í desember var að kjósa um bókakaup í janúar. Stuðst var við bækur í Bókatíðindum og allir nemendur skólans fengu tvo kjörseðla. Bækurnar sem fengu flest atkvæði voru keyptar fyrst og keypt voru tvö eintök af vinsælustu bókinni.
- Janúar: Fyrirhugað að stilla upp íþróttabókum í tengslum við þema á yngsta stigi og HM í handbolta. En það var lítið úrval af íþróttabókum og þær voru í staðinn settar inn á yngsta stig.
- Febrúar: Vakin athygli á leiksýningum og kvikmyndum á árinu 2017 sem gerðar voru eftir bókum.
- Mars: Límt yfirvaraskegg á persónur á bókakápum í tilefni Mottumars.

Helstu verkefni á starfsárinu:

Í september var útbúin aðfangastefna fyrir safnið. Í henni er fjallað um innkaup, vinnslu eintaka, röðun, notkun safnkostsins, viðgerðir og grisjun.

Á haustönn hófst síðan áttak í grisjun skáldrita á safninu. Starfsfólki, nemendum og fjölskyldum þeirra var boðið að eignast afskráð eintök og eignuðust margar bækur ný heimili á foreldraviðtalsdegi í janúar. Grisjun hefur haldið áfram jafnt og þétt allt skólaárið og á vorönn aðstoðuðu kennarar við að meta hvaða fræðibækur væri gott að grisja úr safninu.

Skráning bóka í Gegni hófst í apríl. Skráningin er tímafrek nákvæmnisvinna og þarf að halda henni áfram eftir að skóla lýkur nú í sumar ef taka á Gegni í notkun í haust.

Að lokum:

Við náðum að koma mjög miklu í verk á bókasafninu á þessu skólaári. Þess ber að geta að ég varði mun meiri tíma en ég átti að gera í bókasafnsstörf. Vonandi bitnaði það ekki of mikið á öðrum störfum.

7.5.8 Samantekt tölvuumsjónarmanns vorið 2017

Um tölvuumsjón sá Sigurður Tómasson.

Mitt hlutverk er að sjá til þess að öll tæki (iPadar, borðtölvur, fartölvur ásamt jaðartækjum) sem eru í notkun á hverjum tíma séu í lagi. Í Heiðarskóla eru 12 fartölvur sem kennarar hafa til umsjónar, um 125 iPadar sem starfsmenn og nemendur eru með aðgang að og 23 borðtölvur. Helstu álagspunktarnir voru í byrjun skólaársins þegar þurfti að „strauja“ stóra hluta af ipöðunum og setja þá upp aftur og svo að setja nýju iPadana sem við keyptum rétt eftir áramót í umferð. Það fór þó nokkur tími á mánuði að halda Office 365 kerfinu þannig að það virkar eins og það á að gera. Ég hef svo sem ekki mjög mikla

þekkingu á þessu kerfi og þurfti ég mikið að vera í sambandi við VS-tölvuþjónustu og láta þá aðstoða mig eða gera það sjálfir vegna þess að ég hef engan aðgang að kerfinu.

7.5.9 Samantekt húsvarðar vorið 2017

Helstu verkefni húsvarðar á skólaárinu voru að sjá um niðurföll, fylgjast með loftræstingu og endurræsa eftir þörfum, ljós, skipta um perur, klór og eftirlit með sundlaug, mæla aflestur, mokstur við inngang og við brunaútganga, hálkuvarnir, stillingar og tilfærsla á húsgögnum, samstillta klukkur reglulega, sorp og ýmis tilfallandi verkefni.

7.6 Skýrslur Skýjaborgar 2016-2017

Hér koma skýrslur frá Skýjaborg. Leikskólastjóri skrifar skýrslu um hvernig staðið er að menntun og þroska barna, foreldrasamstarf og annað samstarf á skólaárinu. Matráður skilar inn skýrslu eftir skólaárið.

7.6.1 Leikskólastarf í Skýjaborg

Menntun og þroski

Námssvið leikskóla eru áherslupættir í leikskólastarfi. Þau eru læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi og sköpun og menning. Náms sviðin skarast og þau eru samofin undirstöðupáttum leikskólastarfs; leik, daglegri umönnun og almennri lífsleikni. Í námskrá eru þau aðgreind til að tryggja hverju og einu sinn sess í daglegu starfi í leikskólanum. Unnið er að markmiðunum í daglegu starfi, skipulögðu hópastarfi og leik. Í aðalnámskrá fyrir leikskóla eru skilgreindir grunnþættir menntunar sem eru: sköpun, jafnrétti, sjálfbærni, lýðræði, heilbrigði og velferð og læsi. Eiga þessir grunnþættir að verða leiðarljós við námskrárgerð. Grunnþættirnir eru skilgreindir í skólanámskrá.

Daglegt líf í leikskólanum tekur mið af þörfum barnahópsins hverju sinni. Leitast er við að skipuleggja umhverfi og athafnir þannig að allir geti tekið þátt í daglegu starfi. Dagskipulagið markast af athöfnum sem lúta að líkamlegum þörfum barna og heilsu. Þau matast, þvo sér, hvíla sig og sofa á föstum tímum og hefur leikurinn mikið vægi í dagskipulaginu þess á milli. Leitast er við að hafa jafnvægi milli frjálsra og skipulagðra leikja og verkefna.

Mikilvægt er að dagskipulagið sé í föstum skorðum til að skapa hefð og festu í leikskólastarfinu og til þess að barnið geti verið öruggt um til hvers sé ætlast af því.

Í gegnum athafnir daglegs lífs vinna kennarar að uppeldis- og námsmarkmiðum leikskólans og þar fer fram mikið nám og gefst gott tækifæri til að sinna hverjum og einum og vinna með námssviðsmarkmið og gildi.

Á hvorri deild er unnið að markmiðum skv. þroska og getu þeirra einstaklinga sem þar eru hverju sinni. Deildarstjórar vinna áætlanir sem byggja á markmiðum sem sett eru fram í skólanámskrá og deildarnámskrám. Starfsfólk vinnur skv. þessum áætlunum með barnahópnum hverju sinni.

Í leikskóla skal leggja áherslu á skapandi starf og leik barna. Ekki er um beina kennslu að ræða sem stefnir að ákveðinni fræðilegri þekkingu. Leikskólafræði eru fremur þroskamiðuð en fagmiðuð, með áherslu á leik barna sem náms- og þroskaleið, uppötvunarnám.

Til viðbótar við leikinn og athafnir daglegs lífs er starfið byggt á skipulögðum stundum til að ná fram uppeldis- og námssviðsmarkmiðum leikskólans. Leikurinn er áfram í forgrunni í skipulögðum stundum.

Sérkennsla fer fram inni á deildum eftir því sem hægt er, með sérfræðingi ef þarf. Unnar eru einstaklingsnámskrár fyrir þau börn sem þurfa á sérkennslu/stuðningi að halda og unnið í nánú samstarfi við sérkennara og sérfræðinga hverju sinni.

Í vetur unnu barnahópar með þemu með aðferð könnunaraðferðarinnar líkt og hefur verið gert undanfarin ár. Unnin voru verkefni á eldri deild um hvolpa, mýs, apa, krókódíla og Heiðarskóla. Inn í verkefnin fléttast síðan byrjendalæsi/leikskólalæsi og tengjum við umhverfismennt og grænánaverkefni inn í öll þemu. Á yngri deild var unnið með þemað “ég sjálf/ur” og líkamann, ásamt mörgum öðrum minni verkefnum.

Síðastliðinna þrjá vetur hafa starfsmenn verið að þróa jóga starf með börnunum. Jóga er hluti af lífsleikniáætlun leikskólans þar sem slökun er kynnt fyrir börnunum. Líkt og í öllu starfi í leikskóla er lagt með að stundirnar sé leikur sem veitir gleði. Jafnframt er lagt upp með að jóga ýti undir einbeitingu, slökun, liðleika, hreyfingu, snertingu, jafnvægi í sál og líkama og sjálfsga.

Samstarf við samstarfsaðila

Slökkvilið á Akranesi hefur verið í samstarfi við skólann. Slökkviliðsstjóri heimsótti leikskólann á haustönn og ræddi við börnin. Þá fór elsti árgangur í heimsókn á slökkvistöðina í útskriftarferðinni sinni.

Hjúkrunarfræðingur kom í skólann og sinnti 4 ½ árs skoðunum barna.

Skólastjórnendur hafa verið í samstarfi við birtuskóla í vetur. Birta er samstarf fjögurra leikskóla sem leggja allir áherslu á jóga og umhverfismennt.

Foreldrasamstarf

Foreldrar bera frumábyrgð á uppeldi og velferð barna sinna en leikskólinn veitir foreldrum stuðning og viðbót við það uppeldi sem börn fá heima. Foreldrar þekkja barn sitt best þar sem þeir hafa fylgst með þroskaferli og líðan frá fæðingu, kennari í leikskóla kynnist barni í leikskólastarfi og þekkir þroska þess, færni og viðbrögð í barnahópi.

Foreldrasamvinna í leikskólanum byggir að mestu á daglegum samskiptum við foreldra þegar þeir koma með börnin eða sækja þau. Leitast er við að taka vel á móti foreldrum og börnum og að allir finni að þeir eru velkomnir í leikskólann.

Í daglegum samskiptum er foreldrum veittar upplýsingar um líðan barnsins og hvað helst hefur drifið á daga þess í leikskólanum. Í leikskólanum er að finna upplýsingablöð þar sem hvíldartími barna er skráður, hvernig matartímar hafa gengið fyrir sig og upplýsingar um verkefni dagsins eru skráðar á skilaboðatöflu í fataherbergi. Útbúin eru mánaðardagatöl sem sett eru upp í fataherbergi. Með því gefst foreldrum tækifæri á að fylgjast með viðburðum hvers mánaðar.

Heimasíða leikskólans er nýtt til að veita upplýsingar um daglegt starf í leikskólanum. Þar er einnig að finna skráningu á leikskólastarfinu í formi mynda, matseðil, almennar upplýsingar og fréttir úr leikskólastarfinu.

Leikskólinn heldur úti Facebook síðu og "Like" síðu á facebook til að kynna skólastarfið og einnig lokaðar síður fyrir hvora deild þar sem deildarstjórar setja inn efni. Síðan hefur mælst vel fyrir hjá foreldrum.

Foreldrafélag Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar er vel virkt stendur að ýmsum viðburðum á skólaárinu. Foreldrafélag skipar fulltrúa í skólaráð. Hlutverk skólaráðs (foreldraráðs) skv. lögum um leikskóla er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir er varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Skólaráð (foreldraráð) hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi. Upplýsingar um foreldrafélag má finna á heimasíðu skólans.

Þegar barn hefur leikskólagöngu sína koma foreldrar með barninu og dvelja með því í leikskólanum þar til það er orðið öruggt að vera eitt. Í byrjun skólaárs er foreldrum boðið að koma á foreldrafund til að fræðast um leikskólastarfið og hvernig starf vetrarins mun fara fram.

Foreldraviðtöl voru tvisvar á skólaárinu, í október og mars. Góð þátttaka var í viðtölunum og gekk vel að fá foreldra til að skrá sig. Almenn ánægja foreldra er með upplýsingar sem þeir fá um börnin sín í viðtölunum og starfsfólk ánægt með skipulagið á þeim.

Eyrún Jóna Reynisdóttir

7.6.2 Skýrsla matráðar

Skýrsla matráðar, júlí 2017

Í eldhúsinu hefur verið leitast við að bjóða upp á mat sem er matreiddur á staðnum. Í matargerð er takmörkun notkun á sykri. Maturinn er sem mest bara íslenskur heimilismatur. Ég hef bakað brauð ca 3x í viku. Hafragrautur er í boði í morgunmat á yngri deildinni en bæði hafragrautur og AB mjólk á eldri deild. Hjá Kæja Organic hefur verið pantað lífrænt Haframjöl, Heilhveiti og hveiti, pasta, spaghetí og hýðisgrjón ásamt döðlubitum og rúsínum sem er notað með morgunmatnum. Einarsbúð hefur komið á mánudögum og miðvikudögum þá koma þeir með ferskan fisk og einnig panta ég ávexti og ýmislegt annað frá þeim. Svo hefur verið farið í Bónus og Krónuna eftir ýmsum vörum sem vantar t.d. fyrir þá sem ekki mega fá mjólkurvörur.

Gufuofn: Aðstaðan hefur verið bætt við ofninn með því að hann var lækkaður og einnig var viftan tengd út, samt verður mikill hiti í eldhúsinu þó svo að vifta sé í gangi, það kemur líka mikill hávaði frá viftunni þannig ég reyni stundum að hafa opna útihurðina á móti til að minnka hávaðann.

Eldavél: Hún hefur stundum verið að stríða okkur með eina helluna eins og hún hitni ekki en svo hækkar maður eða lækkar og aftur í sama hitastig þá virkar hún.

Uppþvottavél: Hún hætti að virka í endann júní og það kom ný vél strax, mjög skjót og góð viðbrögð.

Þvottavél og þurrkari: Þvottavél er fín en þurrkarinn er stundum orðinn lengi að þurrka.

Borðbúnaður: Glös voru af skörnum skammti í hasut og voru pöntuð 30 stk og þau eru öll komin í umferð. Einnig eru könnurnar undir mjólk og vatn orðnar lélegar og hafa margar sem leka farið út í sandkassann þannig það stefnir í að við pöntum fleiri glös og könnur fyrir haustið.

Fjóla Lind Guðnadóttir

matráður

7.7 Dagar og viðburðir á skólaárinu

Hér fyrir neðan er farið yfir daga og viðburði á skólaárinu þar sem skólastarfið er brotið upp, annars vegar í Skýjaborg og hins vegar í Heiðarskóla.

7.7.1 Skýjaborg

Mjög vel hefur gengið að skipuleggja daga og viðburði á skólaárinu tímanlega. Dagatal fyrir hvern mánuð hjálpar til við það. Dagatal er hengt upp í fataherbergi á báðum deildum.

Kynningardagar fyrir foreldra: Í september voru kynningardagar fyrir foreldra. Þá gafst foreldrum tækifæri til að koma inn á deildarnar og fá kynningu á starfi vetrarins og starfi deildanna.

Foreldraviðtöl: Foreldraviðtöl voru tvisvar á árinu. Ein vika í október og ein í mars. Viðtölin gengu mjög vel.

Bleikur dagur, föstudaginn 14. október: Haldinn var bleikur dagur um allan heim. Börn og starfsfólk var hvatt til að mæta í bleiku og haldið var diskóball kl. 9:30.

Baráttudagur gegn einelti: Dagurinn var nýttur í að leggja aukna áherslu á það við börnin að vera góðir vinir. Farið var yfir efnið “Súpervinur” á eldri deild.

Rafmagnslaus dagur, 11. nóvember: Þá var ekki notað rafmagn inn á deildum. Ekki var hægt að rista brauð í morgunmat og var gaman að fylgjast með umræðum barnanna þegar þau veltu því fyrir sér að það væri ekki hægt án rafmagns. Undantekning var á að uppvottarvélin fékk að ganga, hellt var upp á kaffi og starfsfólk í undirbúningi og skrifstofu gat notað tölvu. Dagurinn gekk vel í heildina, mjög skemmtilegur í morgunsárið. Engin hræðsla var á litlu börnunum. Rafmagnskertin gerðu mikið fyrir börnin og rætt var að gaman væri að eiga fleiri kerti, c. Eitt á mann á eldri deildinni.

Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember: Þá kom 3. bekkur í heimsókn í leikskólann og las fyrir börnin á Regnboganum. Leikskólabörnin æfðu fyrir daginn og fóru með fyrir gestina þuluna *Buxur, vesti, brók og skór* og sungu lagið *Á íslensku má alltaf finna svar*.

Rithöfundaheimsókn, 18. nóvember: Í tengslum við dag íslenskrar tungu (16. Nóv) fengum við rithöfundinn Gerði Kristnýju til okkar sem las upp úr barnabókinni sinni *Prinsessan á Bessastöðum* og

las alla bókina sína *Jóladýrin* fyrir börnin og spjallaði við þau. Þessi heimsókn heppnaðist ljómandi vel og náði hún vel til barnanna.

Náttfatadagur, 25. Nóvember: Þá máttu allir koma í náttfötum í leikskólann og haldið var náttfataball kl. 9:05. Einnig var böngsum velkomið með, en alþjóðlegi bangsadagurinn var 27. október og fór hann algjörlega framhjá starfsfólki og gleymdist því.

Piparkökubakstur, 30. Nóv og piparkökur skreyttar 5. og 6. Des: Börn og starfsfólk hjálpaðist að við skera út piparkökur í ýmsum stærðum og gerðum. Börnunum var velkomið að koma með kökukefli, piparkökuform og svuntu að heiman og nýttu einhverjir sér það. Þetta var svo allt nýtt í sameiningu. Rætt var að fyrir yngri deildinni hefði kannski nægt að gera einhverjar aðrar smákökur sem börnin hefðu getað búið til kúlur úr. Börnin hefðu betur ráðið við það og útkoman verið fjölbreyttari.

Jólaleikrit, kveikt á jólatrénu og rauður dagur, 1. Desember: Foreldrafélagið bauð upp á jólaleikritið *Jól í skókassa*. Leikritið var kl. 9:15 og var 1. bekk boðið að vera með okkur. Eftir jólaleikritið fórum við út og kveiktum á jólatrénu fyrir utan Stjórnsýsluhúsið. Gafst það vel og var gaman að geta boðið 1. bekk að vera með okkur á þessari upptöku. Það var heldur mikið rok og því voru fá lög sunginn þegar gengið var í kringum jólatréð. Með þessum upptökum var ákveðið að hafa rauðan dag 1. des.

Fullveldishátíð 1. desember: Þá voru elstu börnin með atriði með 1. bekk á Fullveldishátíð í Heiðarskóla. Þau sungu saman Línu Langsokk lag og gekk það vel.

Afmæli leikskólans, 8. desember: Leikskóli í Hvalfjarðarsveit varð 20 ára í ár. Að því tilefni var opið hús frá 8:30-10:00 þar sem allir voru velkomnir að koma í morgunmat og njóta dagsins með okkur. Kl. 10:00 fóru svo allir út í skróðgöngu um hverfið. Vanalega er foreldrakaffi einn dag í desember, en var það sameinað afmæli leikskólans að þessu sinni. Dropabörnin gerðu afmæliskórónur á sig sem þau höfðu yfir daginn og regnbogabörn bjuggu til hristur og flögg sem haft var með í skróðgönguna. Þetta var ljúf, góð og barnvæn skemmtun.

Litlu jólin, 14. desember: Þá var haldið jólaball um 10 leytið þar sem jólasveinn mætti (í boði foreldrafélagsins) (kl. 10:15). Þetta var alveg frábær jólasveinn sem söng og dansaði með okkur, sýndi börnunum töfrabrögð og gaf þeim mandarínur (úr eldhúsi). Í hádegismatinn var svo jólamatur bayonskinka og meðlæti. Börnum var velkomið að mæta í fínni fötum.

Dótadagur, 5. Janúar: Þá máttu börnin koma með dót að heiman. Gleðidagur. Dótadagur var ósk sem kom frá börnunum á haustönn, en vegna njálgs var ákveðið að bíða með hann þangað til að hann væri genginn yfir.

Karлакaffi, 20. janúar: Á bóndaginn var öllum körlum í lífi barnanna boðið í karлакaffi frá 8:30-9:30. Gekk vel og passlega langur tími. Sumir fengu að kíkja inn fyrr og var það í góðu lagi. Umræða í starfsmannahópi að það þyrfti kannski að skiptast á milli ára að hafa foreldrakaffi í upphafi og lok dags. Engin ósk eða umræða hefur komið frá foreldrum. Fyrir kaffið höfðu börnin teiknað pabbamynd sem hengdar voru upp.

Þorrinn: Á þorranum æfa börnin þorralög og einn dag var haldið þorrablót. Að þessu sinni var þorrablótið á sama degi og karлакaffið, eða 20. janúar. Minnkað var kaup á súrmat frá fyrra ári, samt var það yfirdrifið nóg.

Forvarnarvika í hljóðvist 23. – 27. jan: Hugmynd Kristínar Ásu öryggistrúnaðarmanns. Eyrún tók saman punkta sem gott er að hafa í huga ef þörf er að minnka hávaða og léttu starf í leikskólanum. Starfsfólk var látið lesa punktana yfir. Gott að lesa yfir reglulega. Í vikunni var hávaði mældur, með appi í Ipad-unum, í mismunandi herbergjum í leikskólanum. Dót var aðeins fært til á milli herbergja á eldri deildinni.

Tannverndarvika, 30. jan – 3. feb: Þá var unnið með tannvernd. Tannfræðingur er starfandi í leikskólanum og höfðum við hann til halds og trausts. Hann hélt fræðslu fyrir alla hópa á regnboganum. Kom með tanngarð og burstu að heiman og sýndi börnunum.

Dagur leikskólans 6. febrúar: Í tilefni hans fórum við saman í skruðgöngu um hverfið og reyndum að vekja athygli út á við á leikskólastarfi. Starfsfólkið endaði svo daginn á því að fara saman út að borða.

Bolludagur 12. febrúar: Boðið var upp á fiskibollur í hádegismatinn og rjómaðollur (vatnsdeigs) í kaffitíma. Fyrir helgina gerðu börnin á yngri deild bolluvendi og fóru með heim.

Sprengidagur 13. febrúar: Boðið var upp á saltkjöt og baunir í hádegismatinn.

Öskudagur 14. febrúar: Allir máttu koma í grímubúningum eða náttfötum. Þá komu allir saman á Regnboganum, kötturinn sleginn úr tunnunni (poppið úr pappakassanum) og haldið var ball. Eftir ballið var í boði að horfa á teiknimynd. Eldri hópurinn á Dropanum saumuðu öskupoka.

Konukaffi 16. febrúar: Í tilefni konudags 18. febrúar er öllum konum í lífi barnanna boðið í konukaffi kl. 8:30-9:30. Börnin útbjuggu mömmumyndir sem hengdar voru til sýnis.

Dans: Í 5 vikur í febrúar og mars er danskennari fenginn 1x í viku til að brjóta upp leikskólastarfið og kenna börnunum skemmtilega dansa. Námskeiðið var mjög vel heppnað og náði kennarinn vel til barnanna. Ekki tóku yngstu börnin þátt í ár.

Blái dagurinn – áfram einhverfir 4. apríl: Allir hvattir til að klæðast einhverju bláu til stuðnings einhverfra.

Dagur umhverfisins, 25. apríl: Allir fóru út og tíndu rusl í nærumhverfi leikskólans.

Skraddaralýs í heimsókn, 2. maí: Þann dag kl. 15:30 fengum við skraddaralýsnar (bútasaumsklúbbur í sveitinni) í heimsókn til okkar og afhentu þær leikskólanum bútasaumsþessi að gjöf. Með gjöfinni sýndu þær sveitarfélaginu þakklæti sitt fyrir afnot af Fannahlíð.

Umferðarvika, 15. – 19. maí: Þá var aukin áhersla á umferðarfræðslu og var hjóladagur 18. maí. Þá máttu öll börnin koma með hjóla að heiman. Fengið var leyfi til að loka planinu hjá Stjórnsýsluhúsinu og börnin fengu að hjóla þar. Einnig var á tímabili hjólað á gangstéttinni fyrir framan stóra garðinn og þótti það mjög skemmtilegt. Umræða kom upp meðal starfsfólks að leikskólinn þyrfti að eiga nokkra hjálma því ekki komu öll börn með hjálm og hjól. Með því að skipa þeim að vera á leikskólahjólum innan lóðarinnar væri mismunur á milli barna. Í ár og síðustu ár hefur starfsfólk reddað hjálmum fyrir þau börn sem ekki hafa komið með hjálm.

Sveitaferð, 22. maí: Þá var farið í hina árlegu sveitarferð að Bjarneyjarsandi. Gekk hún mjög vel líkt og síðustu ár.

Vorskóli elstu barna: 3., 4. og 5. maí voru útskriftarárgangur í vorskóla í Heiðarskóla. Þá fóru börnin með skólarútunni að heiman, sóttu Heiðarskóla þrjá heila daga. Dagarnir gengu mjög vel að sögn barna og starfsfólks Heiðarskóla. Starfsmaður í stuðning var í Heiðarskóla þessa daga.

Vorsýning í Stjórnsýsluhúsinu: Sett var upp vorsýning í Stjórnsýsluhúsinu líkt og síðustu ár. Þar var hluti af afrakstri vetrarins settur upp og sýndur almenningi.

Útskrift, 17. maí: Börnin æfðu atriði og sýndu. Börnin fengu svo afhent skírteini og birkiplöntu að gjöf. Að lokum gæddu allir sér á veitingum af glæsilegu hlaðborði sem fjölskyldur hjálpuðust við að útbúa.

Grænfánaafhending, 31. maí: Þennan dag kl. 14:00 fékk leikskólinn sinn fjórða grænfána afhentan. Afhendingin var úti við fánastöng þar sem elsti árgangur (börnin í umhverfisnefndinni) tóku á móti fánanum og drógu hann að hún.

Útskriftarferð, 14. júní: Valin var veðurblíður dagur til að fara í útskriftarferð. Hópstjóri og starfsmaður með stuðning fóru með börnin og skipulögðu ferðina. Farið var með rútu frá leikskólanum kl. 9:00 og keyrt að vitanum á Akranesi. Börnin fóru alla leið upp í vitann og sáu útsýnið. Einnig prófuðu þau að syngja inn í vitanum. Þá var gengið framhjá höfninni og á Langasand þar sem var leikið sér í sandinum og sjónum fram að hádegi. Gengið var á Galito þar sem pizzaveisla beið þeirra. Að lokum var farið á slökkvistöðina þar sem Þráinn slökkvistjóri tók á móti hópnum. Mjög vel heppnuð ferð í alla staði.

Útidótadagur, 20. júní: Þá máttu börnin koma með útidót. Síðustu ár hefur verið valin veðurgóður dagur. Spáð var rigningu þennan dag og ákvað starfsfólk að sjá hvernig dagurinn yrði. Hann gekk vel en það hefði verið skemtmilegra að hafa betra veður, en rok og rigning var þennan dag.

7.7.2 Heiðarskóli

Skólasetning 22. ágúst: Skólasetning var haldin utandyra í blíðskaparveðri, nemendur lásu upp ljóð og sungu. Starfandi skólastjóri og formaður foreldrafélagsins héldu erindi. Námshópar hittu umsjónarkennara í heimastofum og fengu afhentar stundatöflur. Kaffiveitingar í lokin.

Hausferðir: Akranesferð yngsta stigs, Langasandur, bókasafnið, skógræktin og gönguferð þar sem æfðar voru umferðarreglurnar. Miðstigið fór í fjallgöngu á Snók.

Miðstigsleikarnir í Borgarnesi: Nemendur á miðstigi kepptu í hinum ýmsu greinum á frjálsíþróttamóti samstarfsskólanna í Borgarnesi. Unglingastig gekk Síldarmannagötur og gisti í skátaskálanum í Skorradal.

Kartöflur: Teknar upp kartöflur í september, þeir sem vildu máttu taka með sér smá smakk heim og síðan var uppskeran nýtt í hádegismat í skólanum.

Dagur íslenskrar náttúru: Uppbrotsdagur þar sem nemendur unnu alls kyns verkefni inni og sem tengdust náttúrunni á einhvern hátt.

Dagur læsis: Lestur er bestur út fyrir endimörk alheimsins. Nemendur og starfsmenn lásu saman í matsalnum.

Náms- og kynnisferð til Brighton: Um helmingur starfsamanna skólans fór í ferðina í október.

Skólatónleikar Tónlistarskólans á Akranesi: Tvisvar sinnum á skólaárinu hélt tónlistarskólinn tónleika í matsalnum. Heiðarskólanemendur í tónlistarnámi spiluðu á tónleikunum. Hádegistónleikar fóru einnig fram í tvígang, þá spiluðu píanónemar hin ýmsu lög með á málsverði stóð.

Litadagar: Nokkrum sinnum voru litadagar hjá okkur, þá voru nemendur og starfsmenn hvattir til að klæðast ákveðnum lit. Tilefnin voru ýmis: bleikur dagur – forvarnardagur gegn krabbameini, blár dagur – dagur einhverfu, rauður dagur – jólin.

Norræna skólahlaupið: Nemendur og starfsmenn tóku þátt í verkefninu en markmiðið er að hvetja nemendur til að stunda útiveru, hreyfa sig reglulega og stuðla þannig að betri heilsu og vellíðan.

Umhverfispema: Neysla var tekin til skoðunar. Neysla er vandamál í heiminum í dag, við erum að nota of mikið af auðlindum jarðar til að framleiða vörur sem einungis hluti jarðarbúa er að nýta og þarf kannski ekki nauðsynlega á að halda. Nemendur komust að því að við erum að nota allt of mikið plast og það er alls ekki gott fyrir jörðina eða lífverurnar sem á henni lifa. Ýmislegt áhugavert mátti sjá af vinnu barnanna um neyslu. T.d. svör við spurningunum: Hver er mesti óþarfi sem þú hefur keypt? Hver eru umhverfismerkin og hvað tákna þau? Hvað þurfum við? Hvað langar þig í en þarft ekki? Hvaða áhrif hefur neysla jarðarbúa á jörðina? Hvað getum við gert til að fara betur með jörðina? Börnin fengu líka að nýta afganga og það sem aðrir eru hættir að nota í skapandi starfi, t.d. kertagerð og stöðvavinnu.

Opinn dagur: Foreldrum og öðrum boðið sérstaklega í heimsókn í skólann á sýningu á afrakstri þemavinnunnar um neyslu.

Samspil: Tónlistarskólinn á Akranesi stóð fyrir samspil með Heiðarskólanemendum í tónlistarnámi.

Forvarnar- og menningarferð á Akranes: Nemendur í 3. bekk fengu fræðslu á slökkviliðsstöðinni og Byggðasafninu.

Samstarf í 1. og 10. bekk: Börnin í 1. bekk skrifuðu nemendum í 10. bekk bréf á degi íslenskrar tungu og buðu þeim í heimsókn. 10. bekkur þáði boðið og börnin lærðu saman í iPad. Nemendurnir hittust

aftur á vorönn og þá aðstoðuðu unglingarnir 1. bekkinga í náminu ásamt því að nemendur ræddu um það sem væri skemmtilegast að læra í skólanum.

Baldursbrá – ópera: Stafahópur úr Skýjaborg og nemendur í 1. – 4. bekk hlýddu á óperuna Baldursbrá. Sýningin var í boði List fyrir alla.

Gjöf frá Kvenfélaginu Lilju: Félagið færði Heiðarborg hjartastuðtæki ásamt veggskáp og maska.

Jól í skókassa: Börnin í 1. – 7. bekk söfnuðu ýmsu gagnlegu í skókassa og það síðan sent til Úkraínu. Markmið verkefnisins er að fá börn og fullorðna til að gleðja börn sem lifa við fátækt, sjúkdóma og erfiðleika.

Dagur íslenskrar tungu: Rithöfundaheimsókn, Gerður Kristný kom og las upp úr verkum sínum fyrir yngsta stig, miðstig og unglingastig.

Viðhorfskönnun bókasafnsins um bókakaup: Allir nemendur skólans fengu 2 atkvæðaseðla og gátu valið tvær nýjar bækur. Vinsælustu bækurnar voru keyptar á bókasafnið.

Fullveldishátíð: Stafahópur úr Skýjaborg og nemendur í 1. – 4. bekk sýndu Línu Langsokk. Vöflur og heitt súkkulaði eftir sýningu. Aðgangseyrir var á sýninguna sem rann óskiptur til Nemendafélags skólans.

Matarsóun: Verkefni í umhverfismennt þar sem nemendur vigtuðu eigin matarleifar í viku.

Jólatré: Nemendur í 10. bekk fóru í Álfholtsskóg og völdu jólatré fyrir skólann. Þeir sáu um að saga tréð og koma því á bíl. Skógræktarfélag Skilmannahrepps aðstoðaði krakkana og bauð þeim upp á kakó og smákökur í Furuhlíð.

Jólastund á yngsta stigi: Foreldrum boðið að koma á jólastund þar sem börnin fengu að njóta sín. Öllum frjálst að koma með smákökur á hlaðborð sem vakti mikla lukku.

Litlu jólin: Jólabbal, stofujól og hátíðarmatur.

Varðeldur í myrkrinu: Kveiktur var varðeldur í útínámsskeifunni, nemendur lásu upp sögur, sungu og fengu heitan drykk.

Tannverndarvika: Tannfræðingur kom í heimsókn og fræddi nemendur um góða tannhirðu.

Símasöfnun: Verkefni í umhverfismennt þar sem nemendur söfnuðu gömlum og úreltum sínum sem fólk var hætt að nota og komu í endurvinnslu.

Skólabúðir: Nemendur í 9. bekk dvöldu viku með jafnöldrum sínum í skólabúðum á Laugum í Sælingsdal á haustönn. Nemendur í 7. bekk dvöldu viku með jafnöldrum sínum í skólabúðum á Reykjum í Hrótafirði í upphafi vorannar.

Þorablót: Allir nemendur og starfsmenn héldu Þorablót í matsal skólans. Hvert stig sá um skemmtiatriði og sungin voru lög. Hefðbundinn Þorramatur á borðum og nemendur duglegir að smakka.

Söngstund: Nokkrum sinnum á skólaárinu voru sameiginlegar söngstundir í matsalnum. Þær þóttu takast vel og mál manna að gera meira af þessu.

Rýmingaræfingar: Tvær rýmingaræfingar voru teknar á skólaárinu, önnur undirbúin og hin óundirbúin. Æfingarnar þóttu takast vel.

Óveðursdagar: Skólahald var felld niður í þrjá daga vegna óveðurs eða slæmrar veðurspár.

Þemu á yngsta stigi: Skólaárinu var skipt niður í þematímabil á yngsta stigi og lauk hverju þema með einhvers konar kynningu. Landnámsþema lauk t.d. með foreldrakynningu.

Öskudagur: Nammistöðvar þar sem nemendur sungu og fengu nammi eða ávexti að launum. Hæfileikakeppni og öskudagsball fyrir nemendur á yngsta stigi. Félagsmiðstöðin sá um öskudagssamveru fyrir miðstig og unglingastig.

Stóra upplestarkeppnin: Nemendur í 7. bekk æfðu vandaðan upplestur yfir langt tímabil. Undankeppni haldin í Heiðarskóla og tveir aðilar valdir til að taka þátt í Vesturlandskeppninni sem var haldin síðar.

Náms- og kynnisferð: Nemendur í 9. og 10. bekk fóru í vel heppnaða náms- og kynnisferð til Bretlands. Þar fóru þeir meðal annars í útinám þar sem gist var í tjaldi og eldað í skógi ásamt því að skoða kastala og dvelja í Brighton. Farið var í ferðina að frumkvæði foreldra og nemenda. Fjáröflun var í þeirra höndum og gekk með afbrigðum vel.

Árshátíð: Nemendur á mið- og unglingastigi sátu atriði á Árshátíðinni. Nemendur á miðstigi fluttu leikritið Óvissuferð.is og nemendur á unglingastigi fluttu söngleikinn Mamma mía? Kaffiveitingar í boði foreldra í 7. – 10. bekk eftir sýningu. Aðgangseyrir sem rann óskiptur í Nemendafélagið.

Dagur umhverfisins: Umhverfisráðstefna, nemendur úr umhverfisnefnd kynntu nýjar flokkunartunnur og nýtt skilti sem hvetur bílstjóra til að drepa á bílum við aðalinngang skólans. Nemendur héldu einnig verðmatskynningu þar sem óskilamunir voru skoðaðir og verðmetnir. Eftir ráðstefnu var farið í tiltekt og hreinsun á nærumhverfinu ásamt því að elda og vaska upp úti á rafmagnslausum degi.

Framhaldsskólakynningar: Útskrifarnemar fóru í heimsókn í Menntaskóla Borgarfjarðar og FVA. Vel var tekið á móti nemendum á báðum stöðum og reyndist kynningin gagnleg fyrir nemendur.

Gróðursetningardagur: Tré færð úr uppeldisreit á skógræktarsvæði fyrir norðan skólann. Kartöflur settar niður. Fengum aðstoð frá Eyfa í Hlíð við gróðursetninguna enda sum trén orðin nokkuð stór.

Vorskóli og starfskynningar: Í maí voru 3 samliggjandi vorskóladagar þar sem Stafahópur úr Skýjaborg var í skólaaðlögun og nemendur í 10. bekk í starfskynningum. Aðrir bekkir færðust upp um árgang og fengu því allir aðlögun fyrir næsta skólaár. Dagarnir gengu vel. Stafahópur æfði sig líka í að taka skólarútuna í hefðbundnum skólaakstri.

Survivordagur: Haldin í Álfholtsskógi þar sem nemendum var skipti í aldursblandaða hópa. Hver hópur átti að vinna ákveðin verkefni í skóginum m.a. að reisa sér skýli. Tveir undirbúningsfundir voru haldnir í skólanum fyrir survivordaginn þar sem nemendur fengu m.a. annars að koma með sínar óskir varðandi daginn og undirbúa vinnuna í skóginum.

Vorferðir: Nemendur í 9. og 10. bekk fóru til Brighton, nemendur í 8. bekk fóru í skemmtiferð til Reykjavíkur. Nemendur á miðstigi fóru í náms- og skemmtiferð til Reykjavíkur þar sem m.a. var farið á

Þjóðminjasafnið og í bíó. Til stóð að nemendur í 2. – 4. bekk gengu undir Melabökkum en vegna óhagstæðra sjávarfalla og veðurs var farið á Akranes með hópinn. Þar heimsóttu börnin lögregluna og fóru í keilu. Nemendur í 1. bekk fóru á Landnámssetrið í Borgarnesi og út að borða.

Íþróttadagur: Keppt í alls kyns íþróttum á sameiginlegum íþróttadegi, m.a. tölta. Nýbreytni að þessu sinni að veita viðurkenningar í lok dags. Það kom vel út. Viðurkenningar fyrir töltkeppni voru þó áfram veitt á skólaslitum.

Skólaslit: Útskrift 10. bekkinga, ræður, viðurkenningar, grænfánaafhending í 5. sinn o.fl. Eftir hátíðarathöfn í sal skólans fóru aðrir nemendur með sínum umsjónarkennurum í stofur og fengu afhentan vitnisburð vetrarins. Kaffiveitingar í boði skólans í lokin.

8 Foreldrasamstarf

Samkvæmt lögum um leik- og grunnskóla á foreldraráð að starfa í leikskólum og skólaráð í grunnskólum. Samkvæmt lögum má sameina þessi tvö ráð í sameinuðum skóla og var það gert í Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar árið 2011. Starfsáætlun og helstu verkefni skólaráðs má finna í skólanámskránni: <http://skoli.hvalfjardarsveit.is.b400.opex.is/content/skólanámskrá>.

8.1 Skólaráð Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar

Í skólaráði sitja skólastjórar, tveir foreldrar af grunnskólasviði og einn af leikskólasviði sem stjórn foreldrafélagsins velur, tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi starfsfólks skólans, tveir fulltrúar nemenda og einn fulltúri grenndarsamfélagsins eða viðbótarfulltúri úr hópi foreldra valinn af öðrum fulltrúum skólaráðs.

Skólaráð skólaárið 2016-2017:

- Sigríður Lára Guðmundsdóttir, starfandi skólastjóri Heiðarskóla
- Eyrún Jóna Reynisdóttir, starfandi skólastjóri Skýjaborgar
- Sara Margrét Ólafsdóttir, leikskólakennari í Skýjaborg
- Kristín Ása Hjálmsdóttir, starfsmaður í Skýjaborg
- Kartín Rós Sigvaldadóttir, grunnskólakennari í Heiðarskóla
- Sigríður Björk Kristinsdóttir, grunnskólakennari í Heiðarskóla
- Marie Greve Rasmussen, foreldri
- Inga María Sigurðardóttir, foreldri
- Elín Ósk Gunnarsdóttir, foreldri
- Eypór, nemandi
- María Björk, nemandi
- Andrea Þ. Björnsdóttir, fulltúri grenndarsamfélagsins

Skólaráð fundaði tvisvar sinnum á skólaárinu. Auk þess var einn fundur á haustönn eingöngu á vegum grunnskólans, á þeim fundi var farið yfir starfsáætlun skólaráðs og hlutverk. Á fundi í febrúar voru ræddar tillögur um stjórnskipulag Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar og sendi skólaráð í framhaldi frá sér umsögn til fræðslu- og skólanefndar. Á fundi í byrjun júní var farið yfir ráðningar og starfsmannamál fyrir haustið, ásamt skóladagatölum.

8.2 Foreldrafélag Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar

Í stjórn foreldrafélagsins sitja 6 foreldrar, þrír fulltrúar grunnskólans og þrír fulltrúar leikskólans, auk tveggja starfsmanna af sitthvoru sviðinu.

Stjórn foreldrafélags skólaárið 2016-2017:

- Elín Ósk Gunnarsdóttir, formaður og fulltrúi leikskólans
- Guðlaug Ásmundsdóttir, ritari og fulltrúi leikskólans
- Alexandría Björg Scheving, fulltrúi leikskólans
- Anna Rósa Guðmundsdóttir, gjaldkeri og fulltrúi grunnskólans
- Marie Greve Rasmussen, fulltrúi grunnskólans
- Inga María Sigurðardóttir, fulltrúi grunnskólans
- Guðrún Magnúsdóttir, starfsmaður í Skýjaborg
- Sigurður Tómasson, starfsmaður í Heiðarskóla

Foreldrafélagið fundaði fimm sinnum á skólaárinu og má finna fundargerðir félagsins á heimasíðu skólans: <http://skoli.hvalfjardarsveit.is.b400.opex.is/content/foreldrar>.

Foreldrafélagið stendur fyrir ýmsum árlegum viðburðum.

9 Fagfundir

Fagfundir eru starfsmannafundir þar sem ákveðin mál eru tekin til rýningar og starfsfólk fær tækifæri til að ræða saman og auka vitneskju sína á málefninu. Nokkrir fundir voru á skólaárinu:

9.1 Sameiginlegur fagfundur – um byrjendalæsi/leikskólalæsi

Fagfundur um byrjendalæsi/leikskólalæsi 10. mars frá 13:00-14:30: Sigga Lára hélt utan um fundinn. Starfsfólk leikskóla ásamt kennurum á yngsta stigi Heiðarskóla sátu fundinn. Farið var yfir fræðilega hlutann. Þá voru sýndar myndir um hvað er gert á hvoru sviði. Mikil og góð umræða í lokin þar sem farið var yfir nokkrar spurningar:

- Hvað erum við að gera til að efla læsi?
- Hvernig gengur okkur að gera námið áhugavert?
- Eru tækifæri til að læra meira af leikskólanum varðandi nám í gegnum leik?
- Hvað með námsmat? Hvernig er því háttað í leik- og grunnskóla?

Það sem kom út:

- Væri gott að fá aftur Leikur að læra námskeið.
- Veljum vel það sem nýtum okkur í skólanum og gerum það vel. Ekki troða of miklu inn.
- Gott að stigin hittist árlega og ræði eitthvað faglegt saman.

9.2 Fagfundir í Skýjaborg

9.2.1 Hvað er leikur?

Deildarfundur Dropa – Erindi Söru, 23. janúar 2017 10:10-11:00

Mættar: Sara, Guðmunda, Guðný, Aurelia og Unnur Tedda.

Hvað er leikur?

- Börn geta verið saman
- Börn geta verið ein
- Hafa ofan fyrir sjálfum sér
- Sökkva sér í eitthvað
- Frumkvæði barna
- Ímyndunarheimur
- Börn fara í hlutverk – t.d bændur

Er leikur ungra barna öðruvísi en þeirra sem eldri eru?

Yngri börn:

- Leika meira ein
- Stoppa stutt við
- Sýna verðlausum efnivið áhuga
- Nota oft meiri líkamstjáningu en orð
- Lesa í aðstæður og tjáningu annarra barna
- Sýna samúð

- Hlutverkaleikur er ekki oft áberandi

Starfsfólk tók dæmi um hvernig tveir drengir útilokuðu annan frá leik með því að snúa til hans böfum. Annar drengur varð vitni að þessu og bauð drengnum sem var útilokaður efnivið og sýndi þannig samúð. Þetta dæmi sýnir hversu fær ung börn eru að lesa í aðstæður en þetta átti sér allt stað án orða.

Hvert er hlutverk fullorðinna í leik barnanna?

- Skaffa efnivið
- Vera til staðar
- Fylgjast með
- Stíga inn í þegar þarf
- Betra að vera á gólfinu með börnunum en að sitja á stól
- Hvetja börnin

Umræða um að það væri erfitt að finna tækifæri til þess að fylgjast með leik vegna þess að það væri svo margt annað sem þyrfti að gera líka. En það væri áhugavert að geta sest niður og skráð leik barna t.d. einu sinni í viku. Einnig væri hægt að skrá það sem fram fer í hópastarfi.

Annað

- Leikur inni og úti er ólíkur – t.d. meira pláss úti og þar hreyfa börnin sig meira.
- Leikur og leikir ekki það sama.
- Hvaða efnivið getum við boðið börnunum upp á?

Umræða um könnunarleik og könnunaraðferð.

Deildarfundur Regnboga – Erindi Söru, 16. janúar 2017 10:10-10:55

Mættar: Sara, Guðrún, Kristín, Berglind, Halla, Sigurbjörg og Eyrún ritar fundargerð.

Hvað er leikur?

- Eitthvað skemmtilegt.
- Samvera.
- Samskipti. Tjáning, með orðum og hreyfingum – líkamleg tjáning og orð. Gefa merki.
- Einn í þínum eigin heimi.
- Í hópi eða einn.
- Skapa eitthvað
- Ímyndunarafl.
- Lærdómur.
- Vinna úr reynslu.
- Hlutverkaleikur.

Börn hafa reynslu og þekkingu sem þau koma með til dæmis að heiman (einhvern grunn) og börn hafa ímyndunarafl og skapandi hugsun. Í leik þá nota börn reynslu sína, þekkingu ímyndunaraflið og skapandi hugsun.

Hvað læra börn í leik?

- Samskipti.
- Virðingu.
- Deila.
- Lesa í aðstæður. Börn eru fær um að lesa í aðstæður. Sum eru mjög góð í því á meðan önnur þurfa aðstoð.

Hvernig skilgreina börn leik?

Sara sá (í sinni rannsókn; sjá ensku greinina) að börnum finnst helst hlutverkaleikurinn / ímyndunarleikurinn vera leikur.

Þeim finnst þau vera að leika þegar þau geta sett sig í hlutverk og ráðið hvað þau gera við efniviðinn.

Áður en börn byrja að leika sér fer fram undirbúningur og finnst þeim undirbúningur ekki vera leikur. Undirbúningurinn tekur tíma, byggja leikumhverfið og setja sig í hlutverkaleik. Mikilvægt er að hafa í huga að lesa í aðstæður hjá börnum og gefa þeim góðum tíma í leikinn.

Oftast tekur eitthvert barnið af skarið og býr til leikinn ("ég pantaði leikinn") og hann stýrir oft hver fær að vera með og hvaða hlutverk eru í boði.

Flest börnin sögðu að teikna væri ekki að leika. Vinna sem fer fram við borð er oftast ekki leikur fyrir börnum. Þau búa samt oft til leik í kringum það sem þau eru að gera við borð.

Það er því ekki allt sem við gerum í leikskólanum leikur. Það má samt ekki misskilja að þó að þeim finnist borðvinna og spil ekki leikur þá finnst þeim þetta oft skemmtilegt og þetta er eitthvað sem þau velja oft fram yfir leik (skilgreining barnanna). Borðavinna/spil á að vera inn í leikskóla. Það þarf samt að vera jafnvægi á milli þessara athafna, ekki gott að sitja alltaf við borð. Þar fara fram öðruvísi samskipti en í leik.

Í starfi í leikskóla viljum við og reynum að gera allt í gegnum leik og gerum margt í gegnum leik en það er ekki endilega þeirra upplifun á leik.

Leikir eru yfirleitt ekki leikur, því það eru fyrirfram ákveðnar reglur.

Hvernig getum við kennt þeim í gegnum leik og stutt þau án þess að skemma leikinn?

Við (starfsfólk/fullorðnir) höfum meiri völd en börnin og þess vegna getum við skemmt leikinn. Við gerum það oft þegar við stoppum leik af því annað er á dagskrá eða önnur börn vilja vera með. Fyrir börnin gæti verið fólgin áhætta að bjóða fullorðnum í leikinn því það er líklegt að við myndum taka völdin og þar með skemma leikinn fyrir þeim.

Ef við förum rétt að getum við kennt börnum með því að stíga aðeins inn í leikinn, vera til staðar.

Leikur inniheldur völd og staða barna innan leiksins getur verið mismunandi:

- Sum börn vilja stjórna leiknum. Þau vilja ekki hafa kennarann, því þau vilja ekki missa stjórnina.

- Sum börn vilja deila völdum, stjórna saman og taka sameiginlegar ákvarðarnir. Þau sjá hvernig kennarinn gæti verið með en þau vilja ekki hafa hann, líklega vegna þess að þau þurfa ekki á honum halda.
- Sum börn eru fylgjendur í leik. Þau fara þá eftir því sem „stjórnandinn“ leggur til. Börnin geta verið áhorfendur að leik eða í aukahlutverkum. Oft eru það yngri börn, stundum þau sem eiga í erfiðleikum. Þau vilja hafa kennarann með og þurfa á honum að halda í leik.

Líka gott að leyfa börnum að kanna mörkin sín sjálf. Gott að leyfa þeim að spreyta sig, finna lausnir og leysa deilur. Ekki alltaf að stíga strax inn í.

Það þarf að hafa augun á þeim hverjum við þurfum að hjálpa í leik.

Við þurfum að gefa börnum kost á að fara í hlutverkaleik og gefa honum góðan og samfelldan tíma. Ef við stoppum hann ítrekað þá hætta þau að sökkva sér í hann.

Hvernig læra börn?

Með því að horfa á hina og herma eftir. Stuðningur frá kennara.

Börn læra á því að horfa á aðra leika sér. Við þurfum því ekki að ýta alltaf á börn að fara inn í leikinn, leyfum þeim að horfa á og fylgjast með öðrum leika sér. Síðar styðjum við barnið við að komast inn í leikinn.

Sum börn segja að kennararnir vilja ekki leika. Viðhorf okkar skiptir líka máli, t.d. ef okkur finnst leikurinn vera barnanna þá skiptum við okkur ekki af honum.

Skráningar:

Við sem leikskólakennarar þurfum að sýna fram á hvað börn eru að læra í leik.

9.2.2 Skólastefna leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar

Á starfsmannafundi á starfsdegi 16. september var farið yfir skólastefnu Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar. Starfsmannahópurinn fór saman yfir hverja setningu fyrir sig og skráði það sem var í lagi, það sem má laga/bæta og þá sett athugasemd við, það sem er ekki lagi ásamt athugasemd og það sem má taka út úr skólastefnunni.

9.2.3 Umhverfisgátlisti fyrir grænfánaskóla

Á starfsmannafundi á starfsdegi 10. mars fór starfsfólk í sameiningu yfir umhverfisgátlistann fyrir grænfánaskóla. Mikil og góð umræða í kringum hann.

9.3 Fagfundir í Heiðarskóla

9.3.1 Jákvæður agi

Starfsmenn ræddu í fámennum hópum og skráðu niðurstöður, kynning í lokin.

- Hvað er góður/jákvæður agi?
- Hvernig birtist góður agi?

- Hvernig er staðan hjá okkur?
- Hvernig gengur okkur í agastjórnun?
- Er eitthvað sem við viljum bæta?

Helstu niðurstöður. Jákvæður agi birtist í góðum samskiptum, rólegu og vingjarnlegu yfirbragði og þegar ekkert mál er að fara eftir reglum. Agavandamál eru ekki sýnileg hjá okkur, megum þó skerpa á hlutum eins og að mæta á réttum tíma og umgengni. Yfirleitt góður skólabragur en starfsfólki gengur misjafnlega að viðhalda jákvæðum aga. Þurfum að skerpa betur á uppbyggingarstefnunni og vera meira samstíga.

9.3.2 Einstaklingsmiðað nám

Hvert teymi fyrir sig ræddi eftirfarandi spurningar og skráði niðurstöður:

- Hvernig sinnum við einstaklingsmiðun í kennslu? Af hverju?
- Hversu margir nemendur eru í okkar hópi sem fylgja ekki viðmiðum aðalnámskrár og þurfa aðlagð námsefni?
- Hvað með fjölbreytni, val og sköpun? Hefur nemandinn eitthvað um það að segja hvaða leið hann fer að því að læra?
- Eru allir að gera það sama, eru nemendur í okkar hópi sem eru ekki fá námsefni við hæfi?
- Hvernig gengur með vinnufrið, aga eða vinnusemi nemenda?
- Finna nemendur tilgang með náminu og sýna áhuga?
- Annað sem þið viljið að komi fram.

Niðurstöður voru kynntar á kennarafundum, þær helstu voru að nemendur eru að fá aðlagð námsefni, verkefni eru fjölbreytt og reynt að bjóða nemendum upp á val t.d. í verkefnaskilum. Gengur vel með vinnufrið en vinnusemi er eitthvað sem við getum bætt hjá einstaka nemendum. Erfitt að sinna sérkennslu innan teymis svo vel sé. Í list- og verkgreinum er erfitt að aðstoða alla nemendur þegar hóparnir eru stórir.

9.3.3 Teymiskennsla

Í innra mati kom fram að einangrun á milli teyma væri mikil og kennarar vissu lítið hvað önnur teymi væru að gera. Í ljósi þess var haldinn fagfundur um teymiskennslu þar sem einn kennari úr hverju teymi ræddi eftirfarandi spurningar við kennara úr öðrum teymum:

- Verkaskipting – hvernig er henni háttað?
- Sameiginleg ábyrgð – á nemendum, verkefnum og námsgreinum?
- Hópaskipting í nemendahópnum?
- Fundir, gagnsemi, tímasetning, umræðuefni og tímastjórnun.
- Áherslur skólans, hvernig gengur að koma þeim að í kennslunni?
- Annað sem við viljum koma á framfæri

Niðurstöður kynntar á kennarafundi, þar kom fram að þessi umræðufundur var gagnlegur og fólk lærði hvert af öðru þvert á teymi. Líka var rætt að kennarar skiptu um hlutverk t.d. í einn dag til að kynnast betur því sem er að gerast í öðrum teymum. Hugmyndin þótti góð og fólk tilbúið í verkefnið en af einhverjum ástæðum komst hugmyndin aldrei í framkvæmd.

9.3.4 Trúnaður

Á starfsmannafundi voru teknar til rýningar og umræðu spurningar er snúa að trúnaði í starfi. Rætt var í fámennum hópum um trúnað í starfi, hvernig birtist trúnaður gagnvart börnunum, má ég ræða um samstarfsfólk mitt utan stofnunar, hvað má ég þá ræða og hvað ekki, hvað geri ég þegar ég er spurð um viðkvæm starfsmannamál úti í bæ, hvað má ég segja og hvað ekki? Einnig var rætt um tilkynningaskyldu samkvæmt barnaverndarlögum. Hóparnir kynntu niðurstöður og voru sammála um að umræðan hefði verið gagnleg.

10 Heiðarborg

Heiðarborg er íþróttamiðstöð skólans og almennings eftir starfstíma skólans. Leikfimi og sundkennsla fer fram í Heiðarborg. Sólrún er starfsmaður í fullu starfi í baðvörslu á starfstíma skólans, húsvörður skólans, Bjarni sinnir baðvörslu í tvo daga í hverri viku. Aðstaða Heiðarborgar er eftirfarandi;

- 12,5m innisundlaug
- Íþróttasalur
- Tækjasalur

Heiðarborg er opin fyrir almenning eftir kl. 16:00 á mán - fim frá fyrsta skóladegi til síðasta skóladags. Einn starfsmaður er á vakt á almennum opnunartíma sundlaugarinnar. Aðgangur í Heiðarborg er ókeypis.

Íþróttamiðstöð, opnunartími er eftirfarandi;

- Mánudaga til fimmtudaga frá kl. 16:00 til 21:00
- Laugardaga frá kl. 10:00-15:00

Eftirfarandi samantekt sýnir mætingu sundlaugargesta á árunum 2012 - 2015:

Sundlaug	2012	2013	2014	2015
Janúar	60	121	193	198
Febrúar	176	96	169	210
Mars	102	73	188	191
Apríl	79	117	111	154
Maí	46	53	86	103
Júní			35	101
Júlí				
Ágúst				
September		38	138	
Október	8	60	184	
Nóvember	118	65	143	
Desember	84	62	52	
Samtals	673	685	1299	957

Breyting hefur verið gerð á talningu, en frá og með hausti 2016 var talinn fjöldi gesta í húsið en ekki eingöngu í sundlaug.

Mæting í Heiðarborg ágúst 2016 - maí 2017:

	2016 - 2017
Ágúst	67
September	256
Október	260
Nóvember	270
Desember	193
Janúar	247

Febrúar	265
Mars	272
Apríl	163
Maí	136
Samtals:	2129

Á þessari samantekt sést að Heiðarborg er mikið nýtt og hlýtur það að teljast jákvætt.

Viðhald er snýr að ásýnd Heiðarborgar var töluvert sumarið 2017, skipt var um gólfefni, málað og dittað að ýmsu. Skipt var um hurð við brunaútgang. Varðandi öryggismál stendur til að skrúfa loftplötur fastar í íþróttasal, enda voru þær að detta niður. Verið er að skoða nýjar grindur fyrir glugga í íþróttasal en núverandi grindur skaga út frá vegg og hafa valdið slysum. Einnig er verið að skoða hvernig koma megi rörum sem skaga út úr veggjum á betri stað.

Íþróttasalurinn er lítill og lágt til lofts og hentar ekki fyrir allar íþróttagreinar sem skólinn á að kenna. Grind undir gólfi er orðin mjög léleg.

Miðað við það fjármagn sem Heiðarborg hefur þá verður áfram einn starfsmaður á vakt á almenningsofnunartíma íþróttamiðstöðvarinnar.

11 Viðhengi 1 - Starfsmannasamtöl Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar 2016-2017

Starfsmannasamtöl verða með tvennskönar hætti í vetur. Á haustin verða línur lagðar fyrir skólaárið, í nóv/des verða lagðar fyrir kannanir, einskonar stöðumat og síðan í febrúar verða formleg starfsmannasamtöl samkvæmt neðangreindu formi.

Sept:

- Farið yfir hlutverk hvers og eins starfsmanns, starfslýsingar og verkefni
- Áherslur skólans þetta skólaárið kynntar – þróunaráætlun, niðurstaða sjálfsmats – endurmenntun heildarinnar
- Endurmenntun hvers og eins sett í farveg – áður rætt í vorsamtali
- Einstaklings markmið sett í farveg – áður rætt í vorsamtali
- Handbók starfsmanna kynnt og afhent (rafrænt)

Okt:

- Starfsmannasamtal við nýja starfsmenn

Nóv / des:

- Innri rýni / stöðumat á endurmenntun og markmiðasetningu (rafrænt)
- Stöðumat á náms- og kennsluáætlunum kennara
- Einstaklingskönnun, misjafnt milli ára (rafrænt)

Feb/mars:

- Starfsmannasamtal

Markmið þessa starfsmannasamtals er að stjórnandi og starfsmaður setjist niður í góðu tómi og ræði um þau atriði sem mikilvæg er fyrir frammistöðu starfsmanns og vinnustaðinn. Samtalið skal vera gagnrýnið, uppbyggilegt og umfram allt gagnlegt. Helstu niðurstöður og athugasemdir eru skráðar á þetta blað. Innihald þessa blaðs er ætlað skólastjóra en flokkast að öðru leyti sem trúnaðarmál.

Samtalið gengur út frá neðangreindum þáttum en einnig er gefinn kostur á að ræða önnur mál. Með hverjum þætti fylgir smá gátlisti sem er alls ekki tæmandi né hugsaður til að afmarka umræðuna.

Þar sem að starfsmaður á að gefa sitt mat er ætlast við einkunnagjafir sem síðan er birt opinberlega fyrir skólann í heild sinni. Kvarði í matinu er: 1, 3, 5, 7, 9

Annað sem kemur fram í samtalinu og þarfnast úrbóta er sett í farveg, kynnt fljótlega á starfsmannafundi og hrint í framkvæmd þar sem verkefnum er raðað niður á dagsetningar.

Með þessu eigum við að geta haldið betur utanum;

- Hvern einstakling
- Hreyfingar milli ára fyrir einstakling
- Hreyfingar milli ára fyrir heildina

- Hreyfingar milli ára milli starfshópa

Uppgjör og eftirfylgni:

- Uppgjörsskýrsla og helstu niðurstöður birtar
- Viðbragðsáætlun birt
- Verkáætlun birt

Ánægja í starfi:

Mitt mat: _____

(Hvernig hefur líðan þín í starfi verið undanfarinn vetur? Hvað ertu ánægð(ur) / óánægð(ur) með í starfinu? Hvað er hægt að gera betur? Hvað getur þú gert betur?)

Sjálfsmat:

Mitt mat: _____

(Leggðu mat á sjálfan þig m.t.t. frumkvæðis, fagmennsku, jákvæðni, þjónustulundar o.fl. Hverjir eru styrkleikar þínir í starfi? Hvað ert þú að gera vel í vinnunni? Hvað myndir þú vilja bæta hjá þér í starfinu? Markmið?)

Samskipti og starfsandi á vinnustaðnum:

(Leggðu mat á sjálfa(n) þig m.t.t. daglegra samskipta og samvinnu, hefða og venja á vinnustaðnum, upplýsingaflæðis o.fl. Hvað er gott? Hvað má betur fara og hvernig?

- a. Gagnvart vinnufélögunum (Ríkir starfsgleði, samvinna, tillitssemi og virðing? Hvernig eru þín samskipti við aðra starfsmenn? Hvað get ég gert betur? Hvernig er starfsandinn?)

Mitt mat: _____

- b. Gagnvart foreldrum (Jákvæð samskipti / neikvæð samskipti? Tenging og traust? Uppbyggileg samskipti? Erfiðleikar með samskipti?)

Mitt mat:

- c. Gagnvart börnum (Jákvæð samskipti / neikvæð samskipti? Tenging og traust? Uppbyggileg samskipti? Erfiðleikar með samskipti? Hvað getur þú gert til að bæta samskipti við börn?)

Mitt mat: _____

Stjórnun á vinnustaðnum:**Mitt mat:** _____

(Upplýsingaflæði, samskipti, vinnuskipulag, stuðningur, boðleiðir, stjórnun, áherslur í starfi, gegnsæi)

Vinnuaðstaða, vinnuálag og kröfur:**Mitt mat:** _____

(Er þér ljóst hvaða kröfur eru gerðar til þín í starfi? Aðalnámskrá, kjarasamningar, starfslýsingar, endurmenntun, áherslur skólans o.fl. Er álag í vinnunni? Hvað veldur álaginu? Færðu að taka þátt í mótun starfs og starfsumhverfis? Tillögur að breytingum á vinnuaðstöðu? Tillögur um breytt vinnuskipulag?)

Fræðsla og starfsþróun:**Mitt mat:** _____

(Hvaða símenntun hefur starfsmaður sótt síðasta ár? Hvar vantar upp á hæfni og kunnáttu? Aukin menntun? Sækja námskeið? Lestrarefni? Tilfærsla í starfi? Ný verkefni?)

Verkferlar og vinnubrögð sem mætti bæta:

(Upplýsingaflæði, handbók starfsmanna, starfslýsingar, starfsmannadagatal, náms- og kennsluáætlanir, vinnuskipulag, boðleiðir, stefnur / reglur / áætlanir o.fl. Hvað getur þú bætt hjá þér með vinnuferla og vinnubrögð?)

Frammistöðumat Sameiginlegt mat stjórnanda og starfsmanns	Mjög gott	Gott	Má bæta	Aðgerðir
Starfskunnátta/fagþekking				

Frumkvæði og sjálfstæði				
Þjónustulund				
Samvinna				
Framkoma og viðmót				
Virðing gagnvart samstarfsaðilum (foreldrum, börnum, nærumhverfi, skólanefnd, sveitarstjórn og fl.)				
Snyrtimennska og umgengni				
Vönduð vinnubrögð				
Samviskusemi og stundvísi				
Sveigjanleiki/ vilji til umbóta				
Þagnarskylda				
Annað				

Annað:

(Eitthvað sem viðkomandi aðilar vilja ræða um og skrá sérstaklega? Athugasemdir / ábendingar?)

Ósk um starfsstöð /-svið /-hlutfall fyrir næsta skólaár:

(Kennarar: kennsla námsgreina, starfshlutfall, teymisvinna, yngsta / mið / elsta stig. Almennir starfsmenn: ný verkefni, starfshlutfall, deildir)

Fyrsta ósk:

Önnur ósk:

Þriðja ósk:

Dagsetning: _____ Starfsmaður:

Stjórnandi:

Mitt mat / stig samtals:

Mitt mat / meðaltal: